



# **NETTÆLING OG BARNAKLÁM**

Hrefna Þórsdóttir

17. maí 2011

BA í lögfræði

Höfundur: Hrefna Þórsdóttir

Kennitala: 300988-2299

Leiðbeinandi: Svala Ísfeld Ólafsdóttir dósent

Lagadeild

School of Law

## Útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er í meginatriðum að kanna hvort ákvæði íslenskra laga um kynferðisbrot veita fullnægjandi vernd gagnvart nettælingu og barnklámi. Gerð er grein fyrir þeirri háttsemi sem felst annars vegar í nettælingu og hins vegar í framleiðslu, dreifingu og vörslu barnakláms, en þessir verknaðir eiga það sameiginlegt að vera aðferðir brotamanna til að notfæra sér varnarleysi barna á vettvangi netsins. Þá er gerð grein fyrir ástæðum þess að netið er helsta verkfæri gerenda í þessum brotum ásamt því að lýsa hvaða tengsl eru milli nettælingar og barnakláms.

Fjallað er um alþjóðlega sáttmála sem snerta vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðisofbeldi og athugað hversu ríka vernd samningarnir hafa að geyma gagnvart þessum brotum. Niðurstaðan er sú að þeir leggja ríka skyldu á herðar löggjafanum að tryggja börnum vernd gegn kynferðislegri misnotkun.

Skýrt lagaákvæði um vernd barna gegn nettælingu er ekki að finna í íslenskri löggjöf en í 210. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940 er að finna ákvæði sem kveður á um vernd barna gegn barnklámi. Ákvæði 202. og 210. gr. hegningarlaganna eru skoðuð með það að leiðarljósi hvort þau veita fullnægjandi vernd gagnvart nettælingu og barnklámi. Athugunin leiddi í fyrsta lagi í ljós að nettæling verður ekki felld undir ákvæði 202. gr. með óyggjandi hætti. Í öðru lagi leiðir athugun á 210. gr. í ljós að þrátt fyrir að hámarksrefsing fyrir brot á ákvæðinu sé tveggja ára fangelsi ber dómaframkvæmd þess vitni að einstaklingar sem eru sakfelldir fyrir vörslu barnakláms hljóta mjög vægar refsingar. Taka mætti til athugunar að lögfesta ákvæði 20. og 23. gr. Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegu ofbeldi í því skyni að veita börnum aukna refsivernd gegn þessum brotum.

## **Abstract**

The purpose of this thesis is to examine whether the provisions of Icelandic law on sexual crimes provide adequate protection against grooming and child pornography. An account is provided of the conduct involved both in grooming and in the production, distribution and possession of child pornography, but these offences are based on exploiting children's vulnerability on the internet. An account is also provided for the reasons why the internet is the primary tool of paedophiles and the relationship between grooming and child pornography is described.

International conventions concerning the protection of children against sexual abuse and sexual violence are addressed and the protection they entail are examined. The conclusion is that these conventions require that the member states ensure protection of children against sexual abuse.

The conclusion of this thesis is that the Icelandic legislation does not provide a clear and definite provision concerning protection against grooming. However, article no. 210 of the Penal Code (Act 19/1940) contains a provision providing protection of children against child pornography. Articles no. 202 and 210 of the Penal Code were reviewed with the aim to determine whether they provide adequate protection against child pornography and grooming. Firstly, the review revealed that grooming will not be subsumed to article no. 202 conclusively. Secondly, although the maximum sentence for violation of article no. 210 is two years imprisonment, the procedure of execution shows that individuals who are convicted for possession of child pornography receive relatively mild sentences. Legalising provisions of articles no. 20 and 23 of the European convention on the protection of children against sexual exploitation and sexual abuse could lead to a greater protection against these violations.

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>2. Nettæling og barnaklám</b> .....	<b>4</b>
2.1 Skilgreining nettælingar.....	4
2.2 Skilgreining barnakláms .....	4
2.3 Þáttur netsins í kynferðisbroti.....	5
2.3.1 <i>Rannsóknir Hagstofu Íslands</i> .....	7
2.3.2 <i>Rannsókn Capacent Gallup</i> .....	8
2.4 Tengsl nettælingar við barnaklám .....	10
<b>3. Alþjóðlegar skuldbindingar</b> .....	<b>11</b>
3.1 Inngangur.....	11
3.2 Alþjóðlegir sáttmálar.....	11
3.2.1 <i>Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins</i> .....	12
3.2.2 <i>Mannréttindasáttmáli Evrópu</i> .....	14
3.2.3 <i>Evrópuráðssamningar</i> .....	15
<b>4. Íslensk löggjöf</b> .....	<b>21</b>
4.1 Stjórnarskráin.....	21
4.2 Almenn hegningarlög .....	21
4.2.1 <i>Ákvæði 202. gr.</i> .....	22
4.2.2 <i>Ákvæði 202. gr., sbr. 20. gr.</i> .....	25
4.2.3 <i>Ákvæði 210. gr.</i> .....	26
<b>5. Dómaframkvæmd</b> .....	<b>29</b>
5.1 Dómar sem varða nettælingu.....	29
5.1.1 <i>Samantekt</i> .....	32
5.2 Dómar um barnaklám.....	33
5.2.1 <i>Samantekt</i> .....	35

<b>6. Lokaorð .....</b>	<b>36</b>
<b>Heimildarskrá .....</b>	<b>39</b>
<b>Dómaskrá.....</b>	<b>42</b>
<b>Lagaskrá .....</b>	<b>42</b>

## 1. Inngangur

Samhliða tæknivæðingu og ört stækkandi samskiptaneti á alþjóðavísu hefur myndast nýr vettvangur fyrir þá sem girnast börn og haldnir eru barnagirnd. Hugtakið barnagirnd eða „paedophilia“ hefur verið notað yfir síendurtekna og sterka kynþörf einstaklings til barna sem ekki hafa náð kynþroska.<sup>1</sup> Helstu birtingarmyndir þessarar misnotkunar er dreifing myndefnis á netinu þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt<sup>2</sup> og sú háttsemi þar sem fullorðinn einstaklingur tælir börn í gegnum netið. Erfitt hefur reynst að stemma stigu við þessu vandamáli. Dreifing barnakláms á netinu hefur verið vaxandi áhyggjuefni frá miðjum tíunda áratugnum þegar barnaníðingar byrjuðu að deila kynferðislegu myndefni af börnum á netinu.<sup>3</sup> Sú háttsemi að tæla börn í gegnum netið kom síðar til sögunnar en verknaðurinn er á ýmsan hátt tengdur dreifingu og vörslu barnakláms. Um hegðunina hefur verið notað orðið „nettæling“ og er með háttseminni átt við verknað geranda á fyrstu stigum kynferðislegrar misnotkunar þar sem mögulegur brotamaður kemst í kynni við barnið í gegnum netið og öðlast traust þess í því skyni að hitta það síðar í kynferðislegum tilgangi.<sup>4</sup>

Í 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940<sup>5</sup> er kveðið á um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun í formi barnakláms og tekur ákvæðið til birtingar, dreifingar og vörslu barnakláms. Ákvæðið varðar efni sem sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt og getur verknaðurinn varðað fangelsi allt að tveimur árum ef brot er stórfellt. Skýrt lagaákvæði um vernd barna gegn nettælingu er ekki að finna í íslenskri löggjöf. Verknaðurinn hefur samkvæmt dómaframkvæmd verið felldur undir tilraun til kynferðisbrots sem telst varða við 202. gr., sbr. 20. gr. hgl.

Mikil umræða átti sér stað í samfélaginu árið 2007 um þann verknað sem felst í nettælingu í kjölfar dómsuppkvaðningar Héraðdóms Reykjavíkur í svonefndum

---

<sup>1</sup> Björn Harðarsson og Eygló Guðmundsdóttir, „Ofbeldi. Gerendur kynferðisofbeldis. Hvað er barnahneigð (e. Paedophilia)“, bls. 1. Sótt 2. febrúar 2011 á [www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=78&pid=13](http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=78&pid=13).

<sup>2</sup> Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, „Það er eins og þeir séu í herberginu og hvetji til ofbeldisins gegn mér – Netíð og vernd barna gegn kynferðisofbeldi“. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisofbeldi gegn börnum* (í prentun). Reykjavík 2011.

<sup>3</sup> Akdeniz, Yaman, *Internet child pornography and the law: National and International responses*. England 2008, bls. 1.

<sup>4</sup> Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, „Það er eins og þeir séu í herberginu og hvetji til ofbeldisins gegn mér – Netíð og vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

<sup>5</sup> Hér eftir skammstafað hgl.

„kompás málum“<sup>6</sup>, þar sem héraðsdómur sýknaði þrjá menn af ákæru fyrir tilraun til kynferðisbrots samkvæmt 1. mgr. 202. gr., sbr. 20. gr. hgl. Atvik málsins voru þau að þrír einstaklingar komust í kynni við 13 ára stúlku í gegnum spjallrás á netinu en stúlkan var í raun uppspuni sjónvarpsþáttarins Kompáss á Stöð 2. Einstaklingarnir mæltu sér mót við stúlkuna og fóru í íbúð að Öldugötu í Reykjavík í því skyni að hafa samræði við hana. Héraðsdómur taldi verulegan vafa leika á því hvort lögreglunni væri heimilt að styðjast við þau gögn sem fréttamenn Kompáss hefðu aflað í málinu, en stúlkan sem var uppspuni fréttamannanna var notuð sem tálbeita. Sönnunargildi gagnanna væri því mjög takmarkað ef nokkurt. Taldi héraðsdómur ósannað gegn neitun sakborninganna að þeir hafi haft ásetning til að fremja brotin og voru þeir sýknaðir á þeim grundvelli. Stuttu eftir uppkvaðningu dómsins fór sú umræða af stað á Alþingi hvort þörf væri á ákvæði í íslenska löggjöf sem gerði nettælingu refsiverða. Þáverandi alþingismaður Ágúst Ólafur Ágústsson lagði fram fyrirspurn varðandi málefnið þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni að niðurstaða héraðsdóms í málinu gæfi til kynna að gildandi refsíákvæði næðu ekki til háttseminnar og þörf væri á skýrari refsheimildum sem tækju til þess verknaðar sem í nettælingu fælist. Umræðunni á Alþingi lauk á þann veg að réttast væri að bíða eftir niðurstöðu Hæstaréttar.<sup>7</sup> Dómur héraðsdóms var staðfestur af Hæstarétti með vísan til forsendna hans, en þrátt fyrir það hefur málefnið ekki verið til frekari umræðu á Alþingi. Má því álykta að enn ríki óvissa um hversu ríka vernd börn hafi gagnvart nettælingu samkvæmt íslenskum rétti.

Markmið þessarar ritgerðar er í meginatriðum að kanna hvort ákvæði íslenskra laga um kynferðisbrot veiti fullnægjandi vernd gagnvart nettælingu og barnaklámi. Litið verður til alþjóðlegra sáttmála og dómaframkvæmdar í því tilliti.

Í öðrum kafla er almennt fjallað um hugtökin nettælingu og barnaklám. Leitast er við að lýsa þeim verknaði sem nefndur er nettæling ásamt því að afmarka nánar hvað barnaklám felur í sér. Gerð er grein fyrir ástæðum þess að netið er helsta verkfæri gerenda í þessum brotum og samhliða er kannað hvaða niðurstöður rannsóknir Hagstofu Íslands og Capacent Gallup sýna varðandi netnotkun Íslendinga og þá aðallega barna. Í lokin er lýst hvaða tengsl eru milli nettælingar og barnakláms.

Í þriðja kafla verður sjónum beint að þeim alþjóðlegu sáttmálum er snerta vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi. Sáttmálarnir sem

<sup>6</sup> Dómar Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 2007 í málum H 584/2007, H 585/2007 og H 609/2007.

<sup>7</sup> *Alþingistíðindi*, B-deild, 2007-2008, d. 1537.

um ræðir eru samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Mannréttindasáttmáli Evrópu og fjölþjóðlegir samningar á vettvangi Evrópuráðs en þar ber helst að nefna samning Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi. Athugað verður hversu ríka vernd samningarnir hafa að geyma gagnvart kynferðisofbeldi og einnig hversu mikla skyldu þeir leggja á aðildarríkin til að tryggja börnum þessa vernd. Samhliða fyrrgreindri umfjöllun er fjallað um hvort og þá hvaða áhrif þjóðaréttur hefur á íslenska löggjöf á þessu sviði.

Fjórði kafli fjallar um ákvæði íslenskrar löggjafar sem veita börnum vernd gegn ofbeldi og kynferðislegri misnotkun. Einungis er fjallað um lítið brot refsíákvæða í málaflokkinum en efnistökin eru afmörkuð við þau ákvæði sem sérstaklega varða efnið sem hér er til umfjöllunar. Gerð er grein fyrir skyldum ríkisvaldsins samkvæmt stjórnarskránni, ákvæði 202. gr. hgl. sem snýr að kynferðisbrotum þar sem áskilnaður er ekki gerður um tengsl milli geranda og brotþola, skilyrða sem þurfa að vera fyrir hendi svo sakfelld sé fyrir tilraun til kynferðisbrots sem telst varða við 202. gr., sbr. 20. gr. hgl. og í lokin fjallað um 210. gr. hgl. með tilliti til þess hvort ákvæðið veiti fullnægjandi vernd gagnvart barnaklámi.

Í fimmta kafla eru reifaðir dómur sem varða nettælingu og barnaklám í því augnamiði að gefa betri mynd af inntaki og framkvæmd þeirra ákvæða sem er lýst í fjórða kafla. Ennfremur er leitast við að kanna til hvaða atriða dómur lita til við ákvörðun refsingar þegar um nettælingu og barnaklám er að ræða.

Meginniðurstöður ritgerðinnar eru dregnar saman í sjötta kafla.



## 2. Nettæling og barnaklám

### 2.1 Skilgreining nettælingar

Hugtakið „nettæling“ er þýðing á enska orðinu „grooming“. Hugtakið hefur verið skilgreint á þann veg að fullorðinn einstaklingur leitar eftir samskiptum við barn á netinu með kynferðisleg tengsl í huga. Algengt er að einstaklingurinn leiti eftir persónulegum upplýsingum um barnið á netinu og fylgist með samskiptum barna á spjallrásum í leit að fórnarlambi. Síðan setur viðkomandi sig í samband við barn og þá oftast undir því yfirskini að hann sé einnig barn. Einstaklingurinn freistar þess að byggja upp traust, trúnað og vináttu, t.d. með því að sýna barninu umhyggju og hrósa því. Ennfremur reynir einstaklingurinn að skapa vantraust hjá barninu gagnvart fjölskyldu þess. Með tímanum stofnar viðkomandi til náins tilfinninga- og trúnaðarsambands við barnið og reynir þá á sambandið með kröfum og óskum. Með kynferðislegu tali og tilburðum gerir hann kröfur um kynferðislegar athafnir hjá barninu, t.d. í gegnum vefmyndavélar, og athugar þolmörk barnsins. Sýni barnið mótþróa slítur hinn fullorðni sambandinu við barnið eða reynir nýja leið til að afla sér trausts. Þegar hann telur sig öruggan í samskiptum sínum við barnið upplýsir hann það smám saman um eigin hag og stingur síðan upp á stefnumóti þar sem kynferðisbrotið á sér stað. Algeng viðbrögð barns eru að það vill ekki horfast í augu við að hinn fullorðni einstaklingur hafi þessi áform, eða það þorir ekki að segja öðrum frá af ótta við viðbrögðin.<sup>8</sup>

### 2.2 Skilgreining barnakláms

Hugtakið „barnaklám“ hefur almennt verið notað um myndir af börnum sem sýna þau nakin í ögrandi stellingum eða um myndir af kynfærum þeirra.<sup>9</sup> Myndefnið er talið vera ákveðið form af kynferðislegri misnotkun og misneytingu barna þar sem þau eru látin taka þátt í kynferðislegri hegðun sem er mynduð. Þessi misnotkun hefur oft í för með sér miklar þjáningar fyrir líkamlega og andlega heilsu barnanna, öryggi og velferð.<sup>10</sup> Myndirnar geta ýmist verið eingöngu af líkama barnsins, myndir af því þar

<sup>8</sup> Björn Bjarnason, „Vernd barna gegn nettælingu“. *Morgunblaðið*, 5. júlí 2007, bls. 25 og Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlfa Rafnsdóttir, „Það er eins og þeir séu í herberginu og hvetji til ofbeldisins gegn mér – Netíð og vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

<sup>9</sup> Ost, Suzanne, *Child pornography and sexual grooming: Legal and societal responses*. Cambridge 2009, bls. 29.

<sup>10</sup> Akdeniz, *Internet child pornography and the law: National and International responses*, bls. 4.

sem það sýnir kynferðislega hegðun með fullorðnum einstaklingi eða myndir sem sýna fullorðinn einstakling hafa kynmök við barnið.<sup>11</sup> Á flestum myndanna eru þau neydd til að setja sig í niðurlægjandi stellingar með öðrum, oft með öðrum börnum, og veldur þessi verknaður þeim sálrænum þjáningum. Stundum sýna myndir þessar beinar líkamlegar misþyrmingar, þar sem börnin eru barin, brennd eða þeim misþyrmt kynferðislega á annan hátt. Myndefnið er sönnun um þær misþyrmingar sem börnin þurfa að sæta á meðan brotið er framið þar sem þau eru neydd til að taka þátt í athöfnum sem eru niðurlægjandi og svívirðileg.<sup>12</sup> Myndefninu er í flestum tilvika dreift á netinu sem leiðir til þess að misnotkunin heldur í raun áfram. Með því er átt við að börnin búa við þá vitneskju að hafa verið mynduð og eru berskjölduð fyrir því að myndunum verði dreift manna á milli þar sem allir sem eftir því leita geta séð þjáningu þeirra og niðurlægingu. Einstaklingar sem sækjast í að horfa á myndefnið taka þannig þátt í að viðhalda misnotkuninni með eftirspurn og viðurkenna með háttseminni brotið. Það má því álíta sem svo að áhorfendur myndefnisins séu í raun einnig gerendur eða að minnsta kosti hlutdeildarmenn.<sup>13</sup>

### 2.3 Þáttur netsins í kynferðisbroti

Netið er landamæralaust sem gerir það að verkum að erfitt getur reynst að finna þau börn sem um ræðir og einnig að hafa upp á þeim sem tóku myndirnar eða áttu hlutdeild í því. Samkvæmt gagnagrunni alþjóðalögreglunnar Interpol er að finna eina milljón mynda þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi en einungis 800 þessara barna hafa fundist og fengið stuðning. Auk þessa er lagalega hliðin á netinu langt frá því að vera skýr og fastmótuð sem krefst alþjóðlegs samstarfs í félagslegu og lagalegu tilliti.<sup>14</sup>

Framleiðsla og dreifing myndefnis þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi hefur aukist til muna með tilkomu netsins og tækni því tengdri.<sup>15</sup> Sú tækni sem nú býðst gefur möguleika á því að fremja brotin án þess misnotkun á „alvöru“ barni eigi sér stað því hugbúnaður í tölvum gerir dreifingaraðilum barnakláms kleift að búa

<sup>11</sup> Ost, *Child pornography and sexual grooming: Legal and societal responses*, bls. 29.

<sup>12</sup> Save the children Europe Group, „Visible evidence – forgotten children“, 2006, bls. 4. Sótt 6. febrúar 2011 á

[www.meldpuntkinderporno.nl/files/Biblio/VisibleEvidence\\_\\_ForgottenChildren.pdf](http://www.meldpuntkinderporno.nl/files/Biblio/VisibleEvidence__ForgottenChildren.pdf).

<sup>13</sup> Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, „Það er eins og þeir séu í herberginu og hvetji til ofbeldisins gegn mér – Netið og vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

<sup>14</sup> Sama heimild.

<sup>15</sup> Sama heimild.

myndirnar til frá grunni, t.d. með því að breyta saklausri mynd af nöktu barni í mynd sem er ögrandi.<sup>16</sup> Mikið áhyggjuefni er hversu auðvelt er með tölvutækni og samskiptum á netinu að dreifa klámfengnu efni af börnum, finna það, vista og geyma. Talið er að aukinn aðgangur að netinu hafi stórlega aukið vandamálið því það leiðir til þess að kynferðislegar myndir af börnum eru mun aðgengilegri en áður. Það hefur einnig aukið líkurnar á að slíkt efni verði fundið af tilviljun af einhverjum netnotanda, þess vegna barni, sem getur leitt til þess að barnið átti sig ekki á hvað telst eðlilegt.<sup>17</sup>

Netið gerir það að verkum að auðvelt er að ná á stuttum tíma til fjölmargra áhorfenda um allan heim og því er það freistandi vettvangur bæði til að dreifa barnaklámi og einnig til að nálgast það á auðveldan hátt.<sup>18</sup> Sú staðreynd að menn geta framkvæmt þessa verknaði heima hjá sér gerir þeim auðveldara fyrir að fremja brotin og þeir óttast síður að upp um þá komist. Þeir geta tryggt nafnleynd með því að fela slóð sína á netinu með aðstoð ýmissar tækni. Tilvist spjallrása, tölvupósta og smáskilaboða opnar ýmsar leiðir fyrir gerendur til að ná sambandi við börnin sem þeir hefðu að öðrum kosti ekki tækifæri til.<sup>19</sup> Margir gerendur notfæra sér því möguleika netsins fremur en aðrar aðferðir til að nálgast börn vegna þeirra möguleika sem bjóðast til að fela slóðina. Þetta veitir þeim öryggi og aukinn kjark til að fremja brotin.<sup>20</sup>

Netið gerir brotamönnum einnig kleift að hafa samskipti við aðra barnaníðinga um allan heim. Þekkt er að einstaklingar haldnir barnagirnd nýti sér eiginleika netsins í þeim tilgangi að stofna svonefnda „hringi“ barnaníðinga sem dreifa klámfengnu efni af börnum sín á milli. Þessir aðilar í „hringnum“ deila einnig reynslu sinni af því hvernig á að dreifa kynferðislegu myndefni af börnunum og hvernig nálgast eigi börnin í gegnum netið.<sup>21</sup> Þessir einstaklingar njóta stuðnings hver af öðrum varðandi þá skoðun þeirra að barnaklám sé eðlilegt og þeir réttlæta þannig hver fyrir öðrum þessa afbrigðilegu hegðun.<sup>22</sup> Dæmi um hring af þessu tagi er „the Orchid club“. Meðlimirnir voru 16 karlmenn frá sitthvoru landinu en þeir áttu það allir sameiginlegt

---

<sup>16</sup> Ost, *Child pornography and sexual grooming: Legal and societal responses*, bls. 26.

<sup>17</sup> Akdeniz, *Internet child pornography and the law: National and International responses*, bls. 8.

<sup>18</sup> Calcetas-Santos, Ofelia, „Child pornography on the internet“. Í Arnaldo, Carlos A., (ritstj.), *Child abuse on the internet - ending the silence*. Bandaríkin 2001, bls. 58.

<sup>19</sup> Ost, *Child pornography and sexual grooming: Legal and societal responses*, bls. 26-49.

<sup>20</sup> Calcetas-Santos, „Child pornography on the internet“, bls. 58.

<sup>21</sup> Sama heimild, bls. 57.

<sup>22</sup> O'Connell, Rachel, „Paedophiles networking on the internet“. Í Arnaldo, Carlos A., (ritstj.), *Child abuse on the internet - ending the silence*. Bandaríkin 2001, bls. 66-68.

að vera haldnir barnagrind. Hver og einn hafði myndbands-upptökuvél áfasta við tölvuna sem gerði þeim kleift að geta fylgst með misnotkun eins barnaníðingsins á tíu ára gamalli stúlku. Þeir gátu tekið þátt í misnotkuninni á meðan hún átti sér stað með því að hvetja barnaníðinginn og koma með uppástungur.<sup>23</sup> Þetta svívirðilega brot sýnir hvernig gerendur geta notfært sér möguleika netsins á ólöglegan og óheilbrigðan hátt.

### **2.3.1 Rannsóknir Hagstofu Íslands**

Samkvæmt rannsókn Hagstofunnar á notkun heimila og einstaklinga á tölvum og neti frá 2002 - 2010 er netnotkun Íslendinga mjög mikil. Samkvæmt rannsókninni áttu 84% heimila tölvu árið 2002 og höfðu 78% tengingu við netið,<sup>24</sup> en hlutfallið hækkaði árið 2010 í 93% heimila með tölvu og 92% með nettengingu. Rannsóknin sem var gerð árið 2010 leiddi í ljós mjög dreifða tölvu- og netnotkun og þykir athyglisvert að tölvunotkun eldri einstaklinga hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2003, þ.e. úr 47% í 96%. Alls 90% tölvunotenda notuðu tölvu og vöfruðu um netið daglega. Það vekur sérstaka athygli að tæplega fjórðungur netnotenda tengdist neti utan heimilis með farsíma um 3G kerfi, sem er mikil aukning frá árinu 2009. Möguleikar á netnotkun utan heimilis, vinnu og skóla hefur því aukist verulega og er aðgangur að netinu mun auðveldari en áður. Alls höfðu 70% netnotenda á aldrinum 16-74 ára notað samskiptasíður á borð við Facebook og Ttwitter. Nærri helmingur þeirra hafði tekið þátt á spjallsíðum eða notað spjallforrit á borð við MSN.<sup>25</sup> Tölurnar sýna að börn og unglingar nú til dags hafa í auknum mæli samskipti sín á milli á netinu og nota til þess ýmsar samskiptasíður ásamt því að setja myndir og upplýsingar um sig á netið. Má til að mynda nefna vefsíður á borð við [www.facebook.com](http://www.facebook.com), [www.twitter.com](http://www.twitter.com) og [www.formspring.me](http://www.formspring.me). Eins og segir í almenntri skilgreiningu nettælingar hér að framan er algengt að gerandi leiti að persónulegum upplýsingum um barnið á netinu og fylgist með samskiptum barna á spjallrásum í leit að fórnarlambi. Rannsókn Hagstofunnar sýnir að töluvert margir nota þessar samskiptasíður og hafa möguleika á að skoða þær í rauninni hvar sem er. Því má telja að gerendur hafi auðveldan aðgang að börnum í gegnum samskiptasíður og spjallrásir á netinu.

<sup>23</sup> Calcetas-Santos, „Child pornography on the internet“, bls. 56.

<sup>24</sup> Hagstofa Íslands, „Notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og Interneti 2002 og 2003“. Hagtíðindi 89. árg. 12. tbl. Upplýsingatækni 2004:3, bls. 1, 6 og 14.

<sup>25</sup> Hagstofa Íslands, „Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og neti 2010“. Hagtíðindi 95. árg. 60. tbl. Upplýsingatækni 2010:1, bls. 1-2.

Sérstakt viðfangsefni rannsóknar Hagstofunnar voru öryggisógnir á netinu. Svarendur voru spurðir út í áhyggjur þeirra af ákveðnum öryggisógnum, þar sem þeir voru spurðir hvort þeir hefðu miklar, nokkrar, eða engar áhyggjur af viðkomandi ógnum. Í ljós kom að notendur höfðu mestar áhyggjur af því að börn kæmust í óæskilegt efni eða í samskipti við hættulega aðila.<sup>26</sup> Það má því lesa úr niðurstöðu rannsóknarinnar að margir einstaklingar og líklegast þar á meðal foreldrar geri sér nokkra grein fyrir þeim hættum fyrir börn sem leynast á netinu.

### **2.3.2 Rannsókn Capacent Gallup**

Capacent Gallup gerði rannsókn árið 2007 fyrir Heimili og skóla sem eru landssamtök foreldra. Markmið hennar var að afla upplýsinga um notkun barna og unglunga á netinu ásamt því að kanna hvaða breytingar hefðu orðið frá fyrri mælingu sem var framkvæmd árið 2003 fyrir Saft.<sup>27</sup> Aðferðin sem notuð var við rannsóknina laut að vettvangskönnun sem stóð frá 21. mars til 26. apríl 2007 og var úrtakið 955 börn í 4. til 10. bekk í grunnskóla. Ýmsar áhugaverðar niðurstöður komu fram um netnotkun barna og verður hér fjallað um þær helstu.

Kannað var hversu hátt hlutfall barnanna hafði aðgang að netinu. Í ljós kom að 92,6% þeirra kvaðst hafa aðgang. Skoðaður var aldur barnanna þegar netnotkunin hófst en niðurstöðurnar sýndu að næstum öll börnin voru yngri en 12 ára þegar þau notuðu netið fyrst, eða 98,8%. Um helmingur 9-10 ára barna nota netið heima hjá sér daglega eða næstum daglega. Því eldri sem börnin voru því hærra hlutfall þeirra notaði netið heima daglega eða næstum daglega og notuðu 98% nemenda í 10. bekk netið daglega. Athyglisvert er að næstum helmingur barnanna vafrar á netinu sér til gamans, eða um 48,2%.<sup>28</sup> Rennir þessi niðurstaða stoðum undir þá fullyrðingu sem áður kom fram, að aukinn aðgangur að netinu auki líkurnar á að börn rekist á óæskilegt efni eins og barnaklám. Börnin voru spurð hversu oft þau hefðu óvart lent inn á vefsíðu með nöktu fólki (klámsíðu) og hversu oft það hafi viljandi farið inn á slíka síðu. Alls 11,1% játuðu að hafa farið óvart inn á slíka síðu og 18,1% viðurkenndu að hafa farið þangað viljandi. Í þessu samhengi má nefna að aðeins

---

<sup>26</sup> Sama heimild, bls. 3.

<sup>27</sup> „Saft“ stendur fyrir samfélag, fjölskylda og tækni. Um er að ræða verkefni sem snýst um aukna vitund um mikilvægi öruggar tækninotkunar barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af ESB.

<sup>28</sup> Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, „Rannsókn Capacent Gallup á notkun barna og unglunga á netinu“, 2007. Sótt 16. febrúar 2011 á [www.aslandsskoli.is/foreldra/felagid/greinarogerindi/notkun.ppt](http://www.aslandsskoli.is/foreldra/felagid/greinarogerindi/notkun.ppt).

12,4% foreldra töldu börnin sín skoða og flakka almennt á netinu. Einnig var lágt hlutfall foreldra sem töldu börnin sín vera á spjallrásum á netinu, eða 13,8%. Alls 71,4% barnanna sögðust aftur á móti nota spjallrásir á netinu.<sup>29</sup> Athuga verður að þessi rannsókn var framkvæmd árið 2007 og má gera ráð fyrir að þær tölur er sýna hversu hátt hlutfall foreldra eru upplýstir gagnvart netnotkun barna sinna hafi hækkað vegna aukinnar vitundar í samfélaginu um hættur á netinu. Áðurnefnd rannsókn Hagstofunnar frá 2010 um öryggisógnir á netinu ber þess vitni, en flestir foreldrar höfðu mestar áhyggjur af því að börn kæmst í óæskilegt efni á netinu eða í samskipti við hættulega aðila.

Börnin voru spurð hvort þau hefðu hitt einhvern ókunnugan á netinu sem bað þau um persónulegar upplýsingar, og ef svo væri hvernig barnið hafi brugðist við. Þegar rannsóknin var framkvæmd árið 2003 svöruðu 32% barnanna játandi en árið 2007 hafði þeim fækkað niður í 24,3%. Í rannsókninni frá 2007 var hægt að velja um nokkra svarmöguleika varðandi þá spurningu hvernig börnin hefðu brugðist við. Um 30% þeirra sögðu viðkomandi að láta sig í friði, svöruðu ekki og gáfu ekki upp neinar upplýsingar eða gáfu rangar upplýsingar. Aftur á móti svöruðu 26,3% barnanna að þau hefðu gefið sumar af þeim upplýsingum sem beðið var um og 12,1% sögðust einfaldlega hafa gefið þær upplýsingar sem beðið var um. Niðurstöður sýna að töluvert fleiri sögðu foreldrum frá þessu þegar rannsóknin var framkvæmd árið 2007 samanborið við árið 2003. Börnin voru spurð hvort þau hafi einhvern tímann verið beðin um að senda mynd af sér nöktum á netinu. Alls 15,5% sögðust hafa verið beðin um það einu sinni eða oftár. Ekki var sú spurning lögð fyrir börnin hvort þau hefðu sent myndina, en hún er áhugaverð í ljósi þess að næstum þriðjungur barnanna gáfu sumar af þeim persónulegu upplýsingum sem þau voru beðin um til ókunnugra samkvæmt framangreindu. Börnin voru einnig spurð hvort þau hefðu einhvern tímann hitt einhvern í raun og veru sem þau hefðu fyrst kynnst á netinu og svöruðu alls 22,2% spurningunni játandi. Sama spurning var lögð fyrir foreldra en þar voru einungis 3,1% sem svaraði játandi.<sup>30</sup>

Samkvæmt framangreindu verður að telja að börn séu upp að vissu marki meðvituð um þær hættur er leynast á netinu og að þau ættu ekki að láta hverjum sem er í té upplýsingar um sig á þeim vettvangi. Þær niðurstöður er koma helst á

---

<sup>29</sup> Sama heimild.

<sup>30</sup> Sama heimild.

óvart er að 22,2% barnanna hittu þann aðila sem þau kynntust fyrst á netinu og aðeins 3,1% foreldra hafði vitneskju um það.

## 2.4 Tengsl nettælingar við barnaklám

Einstaklingar er beita nettælingu gagnvart börnum eru að öllum líkindum haldnir barnagirnd. Þessir einstaklingar geta svarað hvötum sínum á marga vegu, t.d. með því að hafa barnaklám í vörslu sinni eða með því að hafa í frammi kynferðislega tilburði gagnvart barni. Sumir láta sér nægja kynferðislegt eða klámfengið myndefni af börnum en aðrir vilja ganga skrefinu lengra og hitta barnið í kynferðislegum tilgangi. Ákveðin tenging er á milli vörslu barnakláms og nettælingar því viss hættu er á að einstaklingur sem byrjar að skoða barnaklám á netinu vilji síðar hitta barn í kynferðislegum tilgangi. Sú hættu hefur aukist fyrir tilstilli netsins því gerendur telja sig geta nálgast barnið með öruggari hætti á þeim vettvangi vegna nafnleyndar líkt og áður hefur komið fram.<sup>31</sup>

Þótt barnaklám og nettæling séu bersýnilega ólík fyrirbæri er augljós samsvörun á milli þeirra því hvorutveggja eru aðferðir brotamanna til að notfæra sér varnarleysi barna. Takist einstaklingi að tæla barn í gegnum netið gæti eitt af síðari brotum falist í upptöku af misnotkun á barni sem á sér stað. Einstaklingur sem tælir barn í gegnum netið og öðlast traust þess getur fengið það til að taka klámfengnar myndir af sjálfu sér og senda sér.<sup>32</sup> Rannsóknir sýna enn fremur að klámfengnar myndir af börnum eru stundum notaðar sem „gíningar aðferð“ í tælingar-ferlinu, til að sannfæra barnið um að taka þátt í kynferðislegum athöfnum og telja því trú um að það sé bæði eðlilegt og ásættanlegt. Ferlið er á þann veg að barninu er fyrst sýndar myndirnar undir yfirskini „kennslu eða fræðslu“. Síðan er gerð tilraun til að sannfæra barnið um að djarft kynlíf sé eðlilegt, jafnvel æskilegt. Barnið er samhliða þessu sannfært um að önnur börn séu einnig kynferðislega virk og að slík hegðun sé í lagi. Smám saman verður barnið ónæmt eða tilfinningalaust gagnvart myndunum. Þetta ferli getur leitt til þess að barnið taki þátt í kynferðislegu atferli og sendi jafnvel af sér myndir til gerandans líkt og minnst hefur verið á.<sup>33</sup> Gerandinn getur síðan notað myndirnar til að kúga barnið til hlýðni eða þagnar.<sup>34</sup>

<sup>31</sup> Calcetas-Santos, „Child pornography on the internet“, bls. 58.

<sup>32</sup> Ost, *Child pornography and sexual grooming: Legal and societal responses*, bls. 46-47.

<sup>33</sup> Akdeniz, *Internet child pornography and the law: National and International responses*, bls. 4-5.

<sup>34</sup> Calcetas-Santos, „Child pornography on the internet“, bls. 58.

### 3. Alþjóðlegar skuldbindingar

#### 3.1 Inngangur

Aukið vægi þjóðréttarsamninga hefur verið eitt af meginþekkingum á þróun íslensks réttar á síðustu tveimur áratugum og á það bæði við um lögfesta sem ólögfesta þjóðréttarsamninga.<sup>35</sup> Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands sem varða vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi eru hér engin undantekning og er talið að þjóðréttarskuldbindingar á þessu sviði hafi í ríkum mæli haft áhrif á íslenska löggjöf um réttindi og málefni barna. Í íslensku réttarkerfi er gengið út frá tvíeðliskenningunni varðandi tengsl þjóðaréttar og landsréttar sem felur í sér að þjóðréttarskuldbindingar verða ekki sjálfkrafa hluti landsréttar og gilda þar af leiðandi ekki að landsrétti nema þær séu sérstaklega lögfestar. Þrátt fyrir kenninguna um tvíeðli er óumdeilt að þjóðréttarreglur hafa margvísleg áhrif á landsrétt þótt þær hafi ekki verið lögfestar<sup>36</sup> og kemur það einkum fram í þeim áhrifum sem þær hafa við skýringu og beitingu landsréttar. Ástæðu þessa má m.a. rekja til þeirrar viðurkenndu lögskýringarreglu að skýra beri landsrétt til samræmis við þjóðréttarreglur.<sup>37</sup>

#### 3.2 Alþjóðlegir sáttmálar

Verður nú gerð grein fyrir helstu þjóðréttarsamningum er kveða á um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Áður en fjallað er um einstakar alþjóðaskuldbindingar er rétt að gera grein fyrir þeirri orðanotkun sem stuðst verður við. Orðin „kynferðisofbeldi“ og „kynferðisleg misneyting“ eru þýðing á ensku orðunum „sexual abuse“ og „sexual exploitation“, en þau eru t.a.m. notuð í heiti Evrópuráðssamnings sem nánari skil verða gerð á síðar í þessum kafla. Hugtakið „kynferðisofbeldi“ er ætlað að taka til aðstæðna þar sem barn er látið taka þátt í kynferðislegum athöfnum og þegar barn er við ólíkar aðstæður misnotað kynferðislega án þess að það veiti mótspyrnu og án þess að líkamlegu ofbeldi sé beitt eða því hótað. Orðin „kynferðisleg misneyting“ vísa til þeirra aðstæðna þegar börn eru notuð við framleiðslu barnakláms, seld í vændi í hagnaðarskygni og fleiri þess háttar brot.<sup>38</sup>

<sup>35</sup> Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar*. Reykjavík 2007, bls. 248.

<sup>36</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“. Í Svala Ísfield Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisofbeldi gegn börnum* (í prentun), Reykjavík 2011.

<sup>37</sup> Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar*, bls. 248 og 260.

<sup>38</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.



### 3.2.1 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember árið 1989. Samningurinn öðlaðist gildi hér á landi einungis þremur árum síðar eða 27. nóvember 1992. Ísland er einnig aðili að tveimur valfrjálsum bókunum við samninginn og fjallar önnur þeirra um málefni sem hér er m.a. til umræðu, þ.e. valfrjáls bókun um barnaklám, en bókunin tekur einnig til sölu á börnum og barnavændi. Samningurinn telst vera einn sá mikilvægasti á alþjóðavísu sem hefur vernd barna að markmiði. Það má m.a. rekja til þeirrar fortakslausu alþjóðlegu viðurkenningar á þeim sjálfstæðu réttindum sem börn eiga tilkall til samkvæmt samningnum, óháð vilja foreldra og annarra forráðamanna, sbr. einkum 12. gr. samningsins. Þessi réttindi hafa ekki verið nægilega tryggð í gildandi mannréttindayfirlýsingum eða sáttmálum og því var talið að samningurinn gæfi aukið svigrúm til að mæta sérstaklega þörfum og hagsmunum barna. Samningurinn telst einnig mikilvægur þar sem hann hnykkir ekki aðeins á borgaralegum réttindinum barna heldur einnig á félagslegum, menningarlegum og efnahagslegum réttindum þeirra ásamt skyldum ríkja til að gera ráðstafanir til verndar börnum. Að baki samningnum var haft í huga að börn hafa hvorki þroska til að setja sér heilsteypt markmið sem hentar þeirra þörfum né getu til að fylgja þeim eftir. Á þessum grundvelli var talið mikilvægt að kveða sérstaklega á um réttindi þeirra og fela öðrum að gera þeim skil og fylgja þeim eftir.<sup>39</sup>

Samkvæmt 1. gr. samningsins er hugtakið barn skilgreint sem hver sá einstaklingur sem ekki hefur náð átján ára aldri, nema hann hafi fyrr náð lögræðisaldri samkvæmt lögum þess lands sem hann lýtur. Samkvæmt íslenskum lögum, sbr. 1. gr. lögræðis laga nr. 71/1997, teljast einstaklingar lögráða 18 ára og er því íslensk löggjöf í samræmi við sáttmálann að þessu leyti.

Ákvæði sáttmálans er varða vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi er í 19. og 34. gr. samningsins.<sup>40</sup>

19. gr. hljóðar svo:

1) Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.

<sup>39</sup> Sama heimild.

<sup>40</sup> Sama heimild.

2) Eftir því sem við á skulu meðal slíkra verndarráðstafana vera virkar ráðstafanir til að koma á félagslegri þjónustu til að veita barni og þeim sem hafa það í sinni umsjá nauðsynlegan stuðning, og til að koma á öðrum forvörnum, svo og til að greina, tilkynna, vísa áfram, rannsaka, taka til meðferðar og fylgjast með tilfellum er barn hefur sætt illri meðferð svo sem lýst hefur verið, svo og ef við á til að tryggja afskipti dómara.

Ákvæðið veitir börnum ríka vernd gagnvart hvers kyns ofbeldi hvort sem þau eru í umsjón foreldra eða annarra og fellur kynferðisofbeldi hér undir samkvæmt skýru orðalagi ákvæðisins. Samkvæmt samningnum bera aðildarríkin bæði ábyrgð á því að koma í veg fyrir allt ofbeldi og einnig skylda til að grípa til ráðstafana til verndar börnum. Einskorðast það ekki við að í gildi séu lög til að framfylgja skyldum ákvæðisins heldur einnig að skapa aðstæður sem hrinda tilgangi laganna í framkvæmd.<sup>41</sup>

Í 34. gr. samningsins felst sérstök viðbót við þá vernd sem 19. gr. veitir börnum gegn kynferðisofbeldi og fjallar fyrst og fremst um kynferðislega misneytingu barna.<sup>42</sup> Ákvæðið hljóðar svo:

Aðildarríki skuldbinda sig til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í þeim tilgangi skulu þau einkum gera allt sem við á, bæði innanlands og með tvíhliða og marghliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir:

- a) að barn sé talið á eða þvingað til að taka þátt í hvers konar ólögmætri kynferðislegri háttsemi.
- b) að börn séu notuð til vændis eða annarra ólögmætra kynferðisathafna.
- c) að börn séu notuð í klámsýningum eða til að búa til klámefni.

Í þessu samhengi má nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli A gegn Bretlandi, þar sem dómstóllinn ítrekar skyldur ríkja til að vernda börn gegn illri og vanvirðandi meðferð með vísan til 19. og 34. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna.<sup>43</sup> Samkvæmt dóminum hefur samningur Sameinuðu þjóðanna áhrif á dómaframkvæmd Mannréttindasáttmála Evrópu sem er áhugavert í ljósi þess að dómarnir hafa áhrif á skýringu og beitingu landsréttar á þessu sviði.<sup>44</sup>

Talið er að samningurinn hafi ekki leitt til grundvallarbreytinga á íslenski barnalöggjöf því ákvæði hans hafa að mestu verið uppfyllt þegar hann var gerður. Þó er ljóst að gætt hefur aukinnar tilhneigingar til að taka tillit til hans við þær lagabreytingar sem orðið hafa á málefnum barna eftir gildistöku hans, og má þar

<sup>41</sup> Sama heimild.

<sup>42</sup> Sama heimild.

<sup>43</sup> Dómur MDE í málinu *A gegn Bretlandi*, frá 23. september 1998. Sótt 28. febrúar 2011 á <http://cmiskp.echr.coe.int/tkp197/view.asp?item=1&portal=hbkm&action=html&highlight=25599/94&sessionid=70902222&skin=hudoc-en>.

<sup>44</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

nefna almenn hegningarlög og barnaverndarlög.<sup>45</sup> Samningurinn hefur ekki verið lögfestur hér á landi en þingsályktunartillaga þess efnis hefur verið lögð fram á Alþingi og er frumvarpið til meðferðar í Innanríkisráðuneytinu þegar þetta er skrifað. Samkvæmt frumvarpinu er megintilgangurinn með lögleiðingu samningsins að vægi hans verði ríkara hér á landi þar sem stjórnvöld og dómstólar yrðu að taka mið af honum við úrlausnir mála er varða börn.<sup>46</sup>

### **3.2.2 Mannréttindasáttmáli Evrópu**

Mannréttindasáttmáli Evrópu (MSE) snýr að vernd mannréttinda og mannfrelsis og miðar fyrst og fremst að því að vernda borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi. Ísland fullgilti samninginn 1953 en hann var síðar lögfestur 1994, sbr. lög nr. 62/1994. Samkvæmt 1. gr. laganna tekur sáttmálinn til allra sem eru innan lögsögu samningsríkis og því telst hann eiga jafnt við um börn sem fullorðna. Eigi börn í hlut geta þó önnur sjónarmið átt við sem heimila takmarkanir á réttindum þeirra sökum þess að þau hafa þörf fyrir ríkari vernd og einnig vegna takmarkaðrar getu þeirra til að neyta réttinda sinna eða gæta hagsmuna sinna. Um börn er að litlu leyti fjallað með beinum hætti í sáttmálanum en hann hefur þó talsverða þýðingu fyrir réttindi barna almennt sem og vernd þeirra gegn vanrækslu, illri meðferð og ofbeldi, þ. á m. kynferðisofbeldi. Leiða bæði ákvarðanir Mannréttindanefndar Evrópu og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu þetta í ljós.<sup>47</sup>

Þau ákvæði sáttmálans sem hafa hvað mesta þýðingu hér eru 3. og 8. gr. laganna. Til þeirra hefur oftast verið vitnað í málum er varða kynferðisofbeldi gegn börnum og er því tilefni til að gera ákvæðunum nánari skil.<sup>48</sup>

Ákvæði 3. gr. leggur bann við pyndingum og segir orðrétt í ákvæðinu að enginn maður skuli sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Ákvæðinu er þannig ætlað að tryggja eitt af grundvallargildum í lýðræðislegu þjóðfélagi og felur í sér fortakslausa vernd. Þólandi þarf að hafa sætt harðræði sem hefur náð tilteknu lágmarki til þess að 3. gr. teljist hafa verið brotin og er það mjög matskennt hvenær það er álitid vera fyrir hendi. Miðað er við lengd

---

<sup>45</sup> Sama heimild.

<sup>46</sup> *Alþingistíðindi*, A-deild, 2007-2008, bls. 490-500. (einkum bls. 491).

<sup>47</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

<sup>48</sup> Sama heimild.

meðferðar, líkamlegum og sálrænum afleiðingum hennar, heilsufari, líkamlegu ástandi og í sumum tilvikum er miðað við kyn og/eða aldur þolanda.<sup>49</sup>

Í 8. gr. er kveðið á um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Samkvæmt 1. mgr. á sérhver maður rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. Svonefnd „persónuhelgi“ einstaklings er talin falla undir friðhelgi einkalífs sem nær bæði til líkama og sálar. Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að takmarka verndina sem 1. mgr. kveður á um. Segir í málsgreininni að opinber stjórnvöld skuli ekki ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra. Samkvæmt dómaframkvæmd hefur verið talið að 8. gr. leggi svonefndar „jákvæðar skyldur“ á ríki um virka rannsókn vegna grunsemda eða ásakana um ofbeldi og kröfur um að skjótt sé brugðist við. Ákvæðið felur einnig í sér að í gildi séu virk refsilög og refsivörslukerfi sem gerir ráð fyrir að mönnum verði refsað fyrir ofbeldi og þ. á m. fyrir kynferðisofbeldi gagnvart börnum.<sup>50</sup>

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur kveðið upp fáa dóma er varða kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sérstaklega, en þrátt fyrir það er talið að ákvarðanir og dómar sem lúta að vanrækslu barna, illri meðferð og líkamlegu ofbeldi gegn börnum geti verið leiðbeinandi um skyldur ríkja gagnvart slíkum brotum.<sup>51</sup> Því má álykta að hægt sé að leggja umrædda dóma til grundvallar við skýringu og beitingu ákvæða sáttmálans varðandi kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.

### **3.2.3 Evrópuráðssamningar**

Evrópuráðið er milliríkjastofnun komið á fót 1949 með það meðal annars að markmiði að standa vörð um mannréttindi og styðja umbætur á sviði löggjafar í Evrópu. Í dag eru aðildarríkin 47 talsins og er Ísland þar á meðal.<sup>52</sup> Á vettvangi Evrópuráðsins hafa verið gerðir alls 209 þjóðréttarsamningar,<sup>53</sup> en sá mikilvægasti er

<sup>49</sup> Guðrún Gauksdóttir, „Bann við pyndingum“. Í Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir og Hjördís Björk Hákonardóttir (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 110 og 112.

<sup>50</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

<sup>51</sup> Sama heimild.

<sup>52</sup> *Evrópuráðið - Starfsemi og áfangar*. Skýrsla utanríkisráðuneytisins, 1999. Sótt 5. mars 2011 á [www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Evropuradid\\_-\\_starfsemi.pdf](http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Evropuradid_-_starfsemi.pdf).

<sup>53</sup> Samningarnir eru aðgengilegir á [www.conventions.coe.int](http://www.conventions.coe.int).

vafalaust Mannréttindasáttmáli Evrópu sem fjallað hefur verið um.<sup>54</sup> Samningar er skipta máli fyrir vernd barna, t.a.m. gegn kynferðisofbeldi og kynferðislegri misneytingu, hafa verið gerðir á vettvangi ráðsins og verður hér minnst á þá helstu.

Félagsmálasáttmáli Evrópu öðlaðist gildi hér á landi 14. febrúar 1976.<sup>55</sup> Hann hefur að geyma tvö ákvæði er varða sérstaklega vernd barna og eru þau í 7. og 17. gr. Samkvæmt fyrri greininni eiga börn og ungmenni rétt á sérstakri vernd gegn líkamlegri og siðferðilegri hættu sem að þeim steðjar. Í þeirri síðari er mælt fyrir um rétt barna til félagslegrar og efnahagslegrar verndar og kveður á um skyldu ríkja til að tryggja að rétturinn sé raunverulega nýttur, t.d. með því að koma á fót eða viðhalda viðeigandi stofnunum og þjónustu. Ákvæðið hefur verið túlkað á þann veg að á grundvelli þess eigi börn rétt til verndar gegn hvers konar kynferðislegri misneytingu og að sérstaklega skuli þeim haldið frá þátttöku í kynlífsiðnaðinum.<sup>56</sup>

Sáttmáli um tölvuglæpi gekk í gildi hér á landi 1. maí árið 2007.<sup>57</sup> Ákvæði 9. gr. sáttmálans kemur hér til skoðunar varðandi brot sem snerta barnaklám. Þar er að finna skilgreiningu á barnaklámi og mælir það sérstaklega fyrir um að barnaklám í netheimum skuli sæta refsingu.<sup>58</sup> Segir í greinargerð með lögnum að tilgangurinn með 9. gr. sé að styrkja verndaraðgerðir fyrir börn, þ.m.t. vernd gegn kynferðislegri misneytingu með því að nútímavæða ákvæði refsilöggjafar svo þau nái til þeirra brota sem fara fram með notkun tölvu.<sup>59</sup>

Að síðustu verður nefndur samningur Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi.<sup>60</sup> Hann var undirritaður af hálfu Íslands 4. febrúar 2008 en hann hefur ekki verið fullgiltur þegar þetta er ritað. Alls hafa 42 aðildarríki af 47 undirritað samninginn og 11 ríki fullgilt hann.<sup>61</sup> Samkvæmt

<sup>54</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. Í Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir og Hjördís Björk Hákonardóttir (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls 30-31.

<sup>55</sup> Félagsmálasáttmáli Evrópu (e. European Social Charter). Sótt 12. mars 2011 á [www.conventions.coe.int/Treaty/Commun/ChercheSig.asp?NT=035&CM=&DF=&CL=ENG](http://www.conventions.coe.int/Treaty/Commun/ChercheSig.asp?NT=035&CM=&DF=&CL=ENG).

<sup>56</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

<sup>57</sup> Sáttmáli um tölvuglæpi (e. The convention on cybercrime). Sótt 12. mars 2011 á [www.conventions.coe.int/Treaty/Commun/ChercheSig.asp?NT=185&CM=&DF=&CL=ENG](http://www.conventions.coe.int/Treaty/Commun/ChercheSig.asp?NT=185&CM=&DF=&CL=ENG).

<sup>58</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

<sup>59</sup> Greinargerð (e. Explanatory report) með Sáttmála um tölvuglæpi. Sótt 12. mars 2011 á [www.conventions.coe.int/Treaty/en/Reports/Html/185.htm](http://www.conventions.coe.int/Treaty/en/Reports/Html/185.htm).

<sup>60</sup> Samningur Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi (e. The convention on the protection of children against sexual exploitation and sexual abuse. Sótt 13. mars 2011 á [www.conventions.coe.int/Treaty/EN/treaties/Html/201.htm](http://www.conventions.coe.int/Treaty/EN/treaties/Html/201.htm).

<sup>61</sup> Listi yfir aðildarríki. Sótt 13. mars 2011 á [www.conventions.coe.int/Treaty/Commun/ChercheSig.asp?NT=201&CM=8&DF=19/03/2011&CL=EN](http://www.conventions.coe.int/Treaty/Commun/ChercheSig.asp?NT=201&CM=8&DF=19/03/2011&CL=EN) G.

upplýsingum frá formanni refsiréttarnefndar vinnur Innanríkisráðuneytið að því að undirbúa fullgildingu samningsins. Refsiréttarnefnd er því með samninginn til athugunar með tilliti til þess hvort og þá hvaða lagabreytinga væri þörf af því tilefni.<sup>62</sup>

Samningurinn er fyrsti og víðtækasti alþjóðasamningurinn sem gerður hefur verið um málefnið. Tekur hann til að mynda til forvarna, málsmeðferðar í réttarvörslukerfinu, refsíákvæða, stuðnings fyrir börn sem sætt hafa kynferðisofbeldi, meðferðar kynferðisbrotamanna og alþjóðasamstarfs á þessu sviði.<sup>63</sup>

Í 1. gr. samningsins koma fram markmið hans sem eru þrjúþætt. Hljóðar greinin svo í íslenskri þýðingu:

Tilgangur samningsins er :

- a) að sporna með öllum ráðum við kynferðislegri misneytingu barna og kynferðisbrotum gegn börnum;
- b) að vernda réttindi barna sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi eða hvers kyns kynferðislegri misneytingu
- c) að efla samstarf innan hvers aðildarríkis og milli þeirra gegn hvers konar kynferðislegri misneytingu eða kynferðisofbeldis gegn börnum.<sup>64</sup>

Í sjötta kafla samningsins eru skilgreind refsiverð brot sem samningurinn tekur til. Samkvæmt ákvæðum kaflans tekur samningurinn jafnt til kynferðisbrota gegn börnum í hefðbundnum skilningi sem og til brota eins og barnavændi, barnaklám, þátttöku barna í klámsýningum, siðspillingu og tælingu barna í kynferðislegum tilgangi, sbr. 18. til 23. gr. Í síðari hluta sjötta kafla eru ákvæði sem kveða á um refsingar fyrir ætluð brot, skilyrði fyrir hegningarauka, ítrekunaráhrif og refsíabyrgð lögaðila. Talið er að skilgreiningar samningsins á refsiverðum verknaði séu ítarlegri en eru í löggjöf flestra aðildarríkjanna, sérstaklega hvað varðar tælingu barna með hjálp margmiðlunartækni, einkum netsins.<sup>65</sup> Ákvæði kaflans gera ráð fyrir að samningsaðilar samræmi refsilöggjöf sína upp að vissu marki á þessu sviði í þeim tilgangi að meintir gerendur velji ekki eitt land fremur en annað og nýti sér þar með ekki refsilöggjöf er veitir minni vernd. Þannig eru lágmarkskröfur gerðar til refsilöggjafar sem koma þó ekki í veg fyrir að einstök ríki geti haft hana strangari.<sup>66</sup>

Í 20. gr. samningsins er kveðið á um barnaklám. Samkvæmt 1. mgr. hvílir skylda á ríkjum til að gera nauðsynlegar ráðstafanir með löggjöf eða öðrum

<sup>62</sup> Viðtal höfundar við Róbert Ragnar Spanó, 23. mars 2011.

<sup>63</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

<sup>64</sup> Bragi Guðbrandsson, „Að byggja brýr – barnvænleg og þverfagleg málsmeðferð kynferðisbrota gegn börnum“. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisofbeldi gegn börnum* (í prentun). Reykjavík 2011.

<sup>65</sup> Sama heimild.

<sup>66</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

aðgerðum til að tryggja að sú vísitandi háttsemi sem talin er upp í a-f liðum 1. mgr. og framin er „án réttar“ sé felld undir refsiverðan verknað.<sup>67</sup> Með orðalaginu „án réttar“ er lögð áhersla á að það taki ekki til mynda sem hafa listrænt, læknisfræðilegt eða vísindalegt gildi og teljist ekki refsiverðar.<sup>68</sup> Samkvæmt a-f liðum 1. mgr. 20. gr. skulu ríki fella eftirfarandi háttsemi undir refsiverðan verknað; a) að framleiða barnaklám, b) að bjóða barnaklám eða gera það öðrum aðgengilegt, c) að dreifa eða senda barnaklám, d) að útvega barnaklám í eigin þágu eða fyrir einhvern annan, e) að hafa barnaklám í vörslu sinni, f) að afla sér vísitandi aðgangs að barnaklámi í gegnum upplýsinga- og samskiptatækni.<sup>69</sup>

Barnaklám er skilgreint í 2. mgr. á þann veg að hugtakið merki hvers konar efni sem sýnir raunverulegar myndir eða myndir sem búnar hafa verið til af börnum sem taka þátt í kynferðislegri hegðun eða hverskonar efni sem fyrst og fremst sýnir kynfæri barna í kynferðislegum tilgangi.<sup>70</sup>

Samkvæmt 3. mgr. getur hvert ríki áskilið sér rétt til að gangast ekki við, í heild eða að hluta, a- og/eða e- lið 1. mgr. sem fjalla um framleiðslu og vörslu barnakláms ef myndirnar eru eingöngu af barni sem ekki er til í alvörunni og/eða af börnum sem náð hafa kynferðislegum lágmarksaldri samkvæmt 2. mgr. 18. gr.<sup>71</sup> Myndirnar þurfa að vera framleiddar með þeirra samþykki og eingöngu til eigin nota. Í 4. mgr. segir ennfremur að hvert ríki megi áskilja sér rétt til að gangast ekki við, í heild eða að hluta, f-lið 1. mgr.<sup>72</sup>

Í lögskýringargögnum með samningnum segir að ekki sé skilyrði fyrir broti samkvæmt 20. gr. að það sé framið með notkun tölvu. Engu að síður er talið að sökum sívaxandi netnotkunar sé tölvan helsta verkfærið fyrir viðskipti með barnaklám. Í lögskýringargögnunum kemur ennfremur fram að í f-lið 1. mgr. 20. gr. sé að finna nýtt ákvæði sem varðar málefnið. Ákvæðinu er ætlað að ná til þeirra sem skoða barnaklám á netinu án þess að hala efninu niður í tölvu. Í flestum löndum þurfa aðilar að útvega sér efnið eða hafa það í vörslu sinni til að teljast brotlegir og því er ákvæðinu ætlað að ná til þeirra sem falla utan ramma laganna með

<sup>67</sup> Samningur Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi.

<sup>68</sup> Greinargerð (e. Explanatory report) með samningi Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi. Sótt 13. mars á [www.conventions.coe.int/Treaty/EN/Reports/Html/201.htm](http://www.conventions.coe.int/Treaty/EN/Reports/Html/201.htm).

<sup>69</sup> Samningur Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi.

<sup>70</sup> Sama heimild.

<sup>71</sup> Ákvæði 2. mgr. 18. gr. samningsins mælir fyrir um að ríki lögfesti lágmarksaldur barna til að taka þátt í kynlífsathöfnum.

<sup>72</sup> Samningur Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi.

háttseminni. Það er skilyrði refsíabyrgðar að viðkomandi hafi ásetning til að skoða vefsíðurnar og viti einnig hvar þær er að finna. Viðurlögum verður því ekki beitt gagnvart þeim sem óvart rata inn á þær. Við mat á ásetningi er horft til þess hvort um endurtekin brot er að ræða og einnig hvort þau eru framin fyrir tilstilli þjónustu gegn greiðslu.<sup>73</sup>

Í 23. gr. samningsins er að finna nýtt ákvæði sem er ekki til staðar í öðrum gildandi alþjóðasamningum á þessu sviði. Í greininni er sú skylda lögð á ríki að setja refsíákvæði í lög sem lýsir nettælingu (e. grooming) refsiverða. Ákvæðið hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

Hvert ríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir með löggjöf eða öðrum aðgerðum til að fella þá háttsemi undir refsiverðan verknað er fullorðinn einstaklingur, fyrir tilstilli upplýsinga- og samskiptatækni, mælir sér vísvitandi mót við barn sem ekki hefur náð lögaldri samkvæmt 2. mgr. 18. gr., í þeim tilgangi að fremja eitthvert af þeim brotum gegn barninu sem refsiverð eru í samræmi við a-lið 1. mgr. 18. gr.<sup>74</sup> eða a-lið 1. mgr. 20. gr., þar sem tillögunni er fylgt eftir með athöfn sem leiðir til slíks fundar.<sup>75</sup>

Í lögskýringargögnum er þess getið að þeir aðilar sem komu að samningaviðræðunum hafi talið það grundvallaratriði fyrir samninginn, að koma til móts við þær nýlegu en sívaxandi áhyggjur samfélagsins af því að börn verði kynferðislega misnotuð af fullorðnum aðila sem þau hafa upphaflega kynnst á netinu, sérstaklega í gegnum spjallrásir eða leikjavefsíður.<sup>76</sup>

Í skýringum með ákvæðinu segir að einfalt kynferðislegt spjall við barn, sem væri þó hluti af undirbúningi einstaklingsins til að misnota barnið kynferðislega, væri ekki nægilegt í sjálfu sér til refsíabyrgðar heldur væri frekari athafna þörf. Samkvæmt ákvæðinu þarf því skilyrði að vera fullnægt að hinn fullorðni mæli sér vísvitandi mót við barnið. Tillaga hins fullorðna um að barnið hitti sig þarf því að fylgja með í samskiptum hans við barnið til að um refsiverðan verknað sé að ræða. Ásetningur er saknæmisskilyrði varðandi alla þætti brotsins. Það þarf því að vera hægt að sanna að ásetningur til fremja eitthvert þeirra sérstöku brota sem tilgreind eru hafi búið að baki tillögu fullorðna aðilans um að hitta barnið svo til refsíabyrgðar stofnist. Í skýringum segir ennfremur að brotið geti einungis verið framið fyrir tilstilli eða með aðstoð samskiptatækni. Tæling í gegnum venjuleg samskipti eða án þess að notaðar

<sup>73</sup> Greinargerð með samningi Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi.

<sup>74</sup> Samkvæmt a-lið 1. mgr. 18. gr. er ólöglegt að taka þátt í kynlífsathöfnum með barni sem ekki hefur náð lágmarksaldri fyrir kynlífsathöfnum samkvæmt 2. mgr. 18. gr. samningsins.

<sup>75</sup> Samningur Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi.

<sup>76</sup> Greinargerð með samningi Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi.



séu tölvur falla utan ákvæðisins. Í ljósi þeirrar sérstöku hættu sem er til staðar þegar slík tækni er notuð, sökum þess hversu erfitt er að fylgjast með gerendum, vildu höfundar samningsins að ákvæðið næði einungis til hættulegustu aðferðarinnar til að tæla börn sem þeir töldu vera í gegnum netið. Til viðbótar áður nefndum atriðum er brotið fyrst fullframið ef tillaga fullorðna aðilans að stefnumótinu „hefur verið fylgt eftir með athöfn sem leiðir til slíks fundar“. Þetta krefst raunverulegra athafna, eins og til dæmis að gerandinn mæti á umsaminn stað.<sup>77</sup>

---

<sup>77</sup> Sama heimild.

## 4. Íslensk löggjöf

Í þessum kafla verða ákvæði stjórnarskrár og almennra hegningarlaga til umfjöllunar sem sérstaklega varða meginviðfangsefni þessarar ritgerðar. Leitast er við að kanna hvort ákvæði hegningarlaganna veiti fullnægjandi vernd gegn nettælingu og barnaklámi og hvort breytinga sé þörf.

### 4.1 Stjórnarskráin

Í 76. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er kveðið á um skyldu löggjafans til að setja reglur sem tryggja vernd barna. Ákvæðið er mjög mikilvægt fyrir réttarstöðu barna og skyldur ríkisins gagnvart þeim, einkum 2. og 3. mgr.<sup>78</sup> Hljóðar greinin svo:

- 1) Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.
- 2) Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.
- 3) Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Ákvæði 3. mgr. er eina ákvæði stjórnarskrárinnar sem vísar berum orðum til barna. Sækir það meðal annars fyrirmynd til 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og 24. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómála réttindi.

Jákvæð skylda hvílir á löggjafanum samkvæmt greininni að setja lög sem veita börnum viðunandi vernd og umönnun. Barnaverndarlög nr. 80/2002 eru til að mynda reist á þessari skyldu eins og önnur lög sem miða að vernd barna og umönnun þeirra. Greinin felur því afar mikilvæga stefnuýfirlýsingu í sér. Mikilvæg efnisregla felst einnig í greininni sem styður undantekningar frá öðrum reglum mannréttindakafla stjórnarskrárinnar ef þær þykja nauðsynlegar til verndar börnum, til dæmis með setningu reglna sem takmarka aðgang barna að kvikmyndum er innihalda efni sem er talið vera þeim skaðlegt.<sup>79</sup>

### 4.2 Almenn hegningarlög

Meginákvæði íslenskra laga sem varða kynferðisbrot gegn börnum sérstaklega er að finna í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæðin þjóna m.a. þeim tilgangi að fullnægja skyldum ríkisvaldsins að þjóðarétti og samkvæmt stjórnarskrá

<sup>78</sup> Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“.

<sup>79</sup> Sama heimild.

sem fyrr hefur verið lýst, að hafa í gildi refsilög sem mæla svo fyrir að kynferðisofbeldi og kynferðisleg misneyting barna sé refsiverð háttsemi.<sup>80</sup>

Í þessum kafla verður fjallað um ákvæði 202. gr. hgl. um samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára, 202. gr., sbr. 20. gr. hgl. um tilraun til kynferðisbrots og 210. gr. hgl. um barnklám.

#### **4.2.1 Ákvæði 202. gr.**

Í framkvæmd reynir oftast á ákvæði 202. gr. hgl. í málum sem snúa að kynferðislegri misnotkun barna.<sup>81</sup> Ákvæðið hljóðar svo:

- 1) Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.
- 2) Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 6 árum.
- 3) Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Ákvæði 1. mgr. leggur skilyrðislausu refsingu við samræði eða öðrum kynferðismökum við barn yngra en 15 ára og skiptir afstaða barnsins til verknaðarins engu máli um refsineami háttseminnar, það er hvort barnið hafi veitt samþykki sitt eða ekki. Ekki er gerð krafa um ákveðna verknaðaraðferð við framningu brotsins í ákvæðinu heldur nægir aldursmark barnsins til refsiaþbyrgðar. Áskilnaður er gerður um ásetning og því verður aðili ekki sakfelldur fyrir brot ef hann var í góðri trú um að barn hafi verið eldra en 15 ára.<sup>82</sup> Einstaklingur sem tælir barn yngra en 15 ára í gegnum netið til að hitta sig og hefur samræði eða önnur kynferðismök við það hefur brotið gegn ákvæðinu án tillits til afstöðu barnsins til verknaðarins ef skilyrði um ásetning er uppfyllt. Hafi brotið verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu en þó má ekki fara niður fyrir lágmark fangelsisrefsingar, sbr. 204. gr. hgl. Í dómaframkvæmd er litið til þess hvað gerandi vissi eða mátti vita, samanber t.d. H 298/1998. Í því máli var tvítugur piltur sakfelldur í héraðsdómi fyrir brot gegn 1. mgr. 202. gr., sbr. 204. gr. hgl. fyrir samræði við 13 ára stúlku (kynferðislegur lágmarksaldur var 14 ár á þessum tíma). Stúlkan var í hópi ungmenna á héraðsmóti sem öll voru eldri en hún, það er 14-18 ára. Hæstiréttur taldi ekki sannað í málinu að pilturinn hefði vitað eða mátt vita um aldur stúlkunnar. Með

<sup>80</sup> Sama heimild.

<sup>81</sup> Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum“. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisofbeldi gegn börnum* (í prentun). Reykjavík 2011.

<sup>82</sup> Sama heimild.

vísan til þess yrði það ekki metið honum til gáleysis að hafa ekki gengið úr skugga um aldur hennar áður en hann hafði samræði við hana og var hann því sýknaður. Í málinu var stúlkan yngri en við mátti búast með tilliti til þess að hún var í hópi eldri barna á mótinu og því vafi hvort brotið væri framið af ásetningi.<sup>83</sup> Þegar um nettælingu er að ræða hefur gerandi í flestum tilvika átt mikil samskipti við barnið og ætti því fremur að vita eða eiga að vita aldur barnsins.

Lækka má refsingu eða láta hana falla niður ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi, sbr. 2. ml. 1. mgr. 202. gr. Það verður að teljast eðlilegt með tilliti til markmiðs 1. mgr. sem er fyrst og fremst að hindra að fullorðnir einstaklingar misnoti börn með því að nýta sér æsku þeirra, trúgirni og reynsluleysi. Sömu refsímörk gilda í 202. gr. og 194. gr. hgl. um nauðgun, sem sýnir hversu alvarlegum augum þessi brot eru litin.<sup>84</sup> Refsiábyrgð verður einungis lögð á geranda ef hann hefur samræði eða önnur kynferðismök við barnið líkt og fyrr greinir og því myndi sá verknaður sem felst í nettælingu einn og sér ekki falla undir ákvæðið nema ef ákært væri fyrir tilraun til brotsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um „aðra kynferðislega áreitni“ gagnvart barni undir 15 ára aldri, en hugtakið „kynferðisleg áreitni“ er ekki skilgreint í ákvæðinu. Við skýringu á hugtakinu er talið rétt að horfa jafnt til 199. gr. hgl. og 4. tl. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt 199. gr. hgl felst í kynferðislegri áreitni meðal annars táknræn hegðun eða orðbragð sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta. Ákvæði 4. tl. 2. mgr. 2. gr. jafnréttislaga skilgreinir kynferðislega áreitni á þann veg að það sé kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu einstaklingsins og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.<sup>85</sup>

Verknaðarlýsing ákvæðisins, þ.e. „kynferðisleg áreitni“ á við um verknaðarlýsingu nettælingar að því leyti að gerandinn notar kynferðislegt orðbragð við barnið og gerir kröfu um kynferðislegar athafnir hjá barninu í mörgum tilvikum. Hægt er að færa rök fyrir því að háttsemi geranda sé kynferðisleg áreitni ef hann hefur viðhaft meiðandi eða móðgandi grófyrði í samskiptum sínum við barnið á

---

<sup>83</sup> Sama heimild.

<sup>84</sup> Sama heimild.

<sup>85</sup> Sama heimild.

netinu og því megi fella verknaðinn undir kynferðislega áreitni samkvæmt ákvæðinu. Hámarksrefsing 2. mgr. er allt að sex ára fangelsi ef verknaðurinn er framinn gagnvart barni yngra en 15 ára. Hafi barn komist í kynni við geranda og samræði hefur átt sér stað er aftur á móti rétt að fella verknaðinn undir 1. eða 3. mgr. 202. gr.

Samkvæmt 3. mgr. er lagt bann við því að tæla barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt. Upptalning verknaðaraðferða er ekki tæmandi og koma því fleiri aðferðir til greina þar sem gerandi notfærir sér yfirburði aldurs og reynslu. Ásetningur er saknæmisskilyrði og þarf því geranda að hafa verið ljóst að þolandi væri yngri en 18 ára.<sup>86</sup> Gerandi getur einnig verið sakfelldur fyrir gáleysi um aldur en þá ber að beita vægari refsingu að tiltölu, sbr. 204. gr. hgl., en ekki má þó fara niður fyrir lágmark fangelsisrefsingar. Hámarksrefsing samkvæmt 3. mgr. er fangelsi í fjögur ár.

Á grundvelli þess að verknaðaraðferðir samkvæmt ákvæðinu eru ekki tæmandi taldar verður að telja að nettæling falli undir ákvæðið sem ein tegund verknaðaraðferðar. Refsiábyrgð verður þó einungis lögð á geranda ef hann hefur haft samræði eða önnur kynferðismök við barnið í kjölfar tælingarinnar. Af þeirri ástæðu veitir ákvæðið ekki fullnægjandi vernd gagnvart nettælingu ef það skilyrði er ekki uppfyllt.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 202. gr. gera það skilyrði fyrir refsíábyrgð að gerandi hafi samræði eða önnur kynferðismök við barnið. Nettæling telst fullframið brot ef gerandi fær barnið til að hitta sig í kjölfar samskipta á netinu, án þess að gerandi hafi samræði eða önnur kynferðismök við barnið, og veita því fyrrnefnd ákvæði ekki fullnægjandi vernd gagnvart háttseminni. Verknaðurinn getur fallið undir 2. mgr. 202. gr. en það einskorðast við að kynferðisleg áreitni sé fyrir hendi af hálfu geranda í samtölum hans við barnið. Gerandi getur beitt annarri verknaðaraðferð en kynferðislegu orðbragði í samskiptum sínum við barnið og nær þá háttsemin ekki til ákvæðisins. Verknaður nettælingar verður því ekki felldur undir 2. mgr. með óyggjandi hætti. Samkvæmt fyrrgreindri umfjöllun er ljóst að breytinga er þörf sem gerir háttsemina að refsiverðum verknaði. Lagt er til að fyrrgreint ákvæði 23. gr. Evrópuráðssamnings um kynferðislega misneytingu og kynferðisofbeldi sé lögfest til að tryggja vernd barna gagnvart nettælingu að íslenskum rétti.

---

<sup>86</sup> *Þingistíðindi*, A-deild, 2006-2007, bls. 541.

#### 4.2.2 Ákvæði 202. gr., sbr. 20. gr.

Sú háttsemi sem felst í nettælingu er ekki refsiverð samkvæmt íslenskum lögum nema háttsemin sé verknaðaraðferð í broti þar sem gerandi hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn. Í íslenskum rétti hefur verknaðurinn því í raun verið álitinn undirbúningsathöfn sem miðar að eða er ætlað að miða að fullframningu brots.<sup>87</sup> Í dómaframkvæmd hefur verið ákært fyrir tilraun til brotsins sem telst ýmist varða við 1. eða 3. mgr. 202. gr., sbr. 20. gr. hgl. Samkvæmt 20. gr. er tilraun til brots skilgreind og mælir ákvæðið fyrir um að einstaklingur teljist sekur um tilraun hafi hann tekið ákvörðun um að vinna refsivert verk og ótvírætt sýnt þann ásetning í verki, sem miðar að eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, án þess að brotið sé fullkomnað. Orðið ásetningur vísar til huglægrar afstöðu geranda til refsinnæms verks og þarf ásetningurinn að taka til allra efnispátta verknaðar eins og honum er lýst fullfrömdum í verknaðarlýsingu refsíákvæðis. Áskilnaður er gerður um beinan ásetning þegar um undirbúningsathöfn er að ræða sem vísar til þess að tilgangur geranda til brotsins verður að byggja á vilja hans ásamt því að hann hafi nánast fulla vitneskju um afleiðingar brotsins.<sup>88</sup>

Ef mál sem varðar nettælingu kemur til kasta dómstóla yrði ákærvaldið samkvæmt meginreglu 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 að færa fram nægilega sönnun fyrir sekt geranda sem ekki er hægt að vefengja með skynsamlegum rökum. Getur það verið erfiðleikum bundið með vísan til þess að erfitt getur reynst að sanna, svo óyggjandi sé, tiltekna huglæga afstöðu geranda til verknaðarins. Ákærvaldið þarf að geta sýnt fram á að gerandi sem beitir nettælingu gagnvart barni, hafi ásetning til samræðis eða annarra kynferðismaka við það, svo hann geti talist sekur um tilraun til kynferðisbrots samkvæmt 202. gr., sbr. 20. gr. hgl. Þetta leiðir augljóslega til erfiðrar sönnunarstöðu liggi játning ekki fyrir eða önnur sýnileg sönnunargögn.

Í íslenskri réttarframkvæmd eru fá dæmi um sakfellingu fyrir refsiverðar tilraunir sem eingöngu eru á undirbúningsstigi<sup>89</sup> og má rekja það fyrst og fremst til erfiðrar sönnunarstöðu. Mál H 1956:682 er gott dæmi, en þar var um að ræða mann sem var meðal annars ákærður fyrir tilraun til kynferðisbrots fyrir að hafa reynt að fá dreng með sér inn á salerni í bíói gegn greiðslu. Maðurinn var sýknaður af

<sup>87</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og Refsiábyrgð I*. Reykjavík 1999, bls. 114.

<sup>88</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og Refsiábyrgð II*. Reykjavík 1999, bls. 11, 23 og 65.

<sup>89</sup> Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og Refsiábyrgð I*, bls. 114.

háttseminni á þeim grundvelli að ásetningur hans þótti ekki fyllilega sannaður. Hæstiréttur taldi að á grundvelli þess að ákærði sagði ekki barninu beinlínis í hvaða tilgangi hann vildi hitta það á salerninu ætti að skýra þann vafa sakborningi í hag, þrátt fyrir að vart hafi getað verið um annað en kynferðislegan tilgang að ræða af hálfu ákærða að mati dómsins.

Samkvæmt framangreindu eru ríkar sönnunarkröfur lagðar á ákærvaldið. Það þarf að sýna fram á beinan ásetning geranda til samræðis eða annarra kynferðismaka við barn þannig að verknaður geranda sem felst í nettælingu teljist tilraun til kynferðisbrots samkvæmt 202. gr. sbr., 20. gr. hgl. Sökum þessa verður að telja að tilraun til kynferðisbrots samkvæmt fyrrnefndu ákvæði veiti ekki fullnægjandi vernd gagnvart nettælingu.

#### **4.2.3 Ákvæði 210. gr.**

Í 210. gr. hgl. er kveðið á um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun í formi barnakláms. Ákvæði 2. - 4. mgr. hafa mesta þýðingu fyrir viðfangsefni þessarar ritgerðar. Ákvæðið hljóðar svo:

- 1) Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.
- 2) Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámrítum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt. Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing þó orðið fangelsi allt að 2 árum.
- 3) Það varðar ennfremur sömu refsingu, að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrít, klámmyndir eða aðra slíka hluti.
- 4) Hver sem flytur inn, aflar sér eða öðrum, eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt. Sömu refsingu varðar að flytja inn eða hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

Skilyrði refsíabyrgðar samkvæmt 210. gr. er að börn séu sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt og því þarf ekki að vera um gróft barnaklám að ræða til að einstaklingur beri refsíabyrgð.<sup>90</sup> Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 126/1996 segir um merkingu orðanna „kynferðislegur“ og „klámfenginn“ að átt sé við kynferðislega lýsingu (ásýnd) sem virkar stuðandi eða er á annan hátt til þess fallin

<sup>90</sup> Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Refsíakvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum“.

að vera lítillækkandi eða niðrandi, þar með taldar kynferðislegar lýsingar með notkun barna, dýra, ofbeldis, þvingunar og kvalalosta.<sup>91</sup>

Brot samkvæmt 2. mli. 2. mgr. 210. gr. getur varðað allt að tveggja ára fangelsi ef myndefni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Refsingin er mun hærri heldur ef um klámefni af fullorðnum er að ræða. Í þeim tilvikum getur hún varðað allt að 6 mánaða fangelsi, sbr. 1. mgr. 210. gr. Í greinargerð sem fylgdi með frumvarpi til laga nr. 39/2000 er tekið fram að rétt þyki að leggja þyngri refsingu við þeim brotum þegar klámefni sýnir börn. Með þyngri refsingum sé leitast við að veita börnum ríkari vernd gegn þeirri misnotkun sem felst í framleiðslu og dreifingu barnakláms.<sup>92</sup>

Ákvæði 4. mgr. 210. gr. leggur refsingu við að hafa í vörslu sinni eða dreifa klámefni sem sýnir börn. Með vörslu efnis er átt við að einstaklingur eigi, hafi að láni eða geymi myndirnar á hörðum disk í tölvu, disklingi eða geisladiski þannig að viðkomandi geti kallað myndirnar sjálfur fram.<sup>93</sup> Brot á ákvæðinu getur varðað allt að tveggja ára fangelsi ef það er stórfellt. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 39/2000 segir að matið á því hvenar brot teljist stórfellt ráðist einkum af grófleika og magni efnisins.<sup>94</sup> Þrátt fyrir að hámarksrefsing samkvæmt ákvæðinu sé tvö ár má lesa út úr dómaframkvæmd að einstaklingar sem sakfelldir eru fyrir vörslu barnakláms er gert að greiða sekt í yfirgnæfandi meirihluta mála.<sup>95</sup> Taka mætti til athugunar hvort ákvæðið veiti fullnægjandi vernd í núverandi mynd og þar af leiðandi hvort rétt sé að hækka hámarksrefsingu ákvæðisins í því skyni að veita börnum aukna refsivernd gegn barnaklámi.

Samkvæmt f-lið 1. mgr. 20. gr. Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi skulu ríki fella það undir refsiverðan verknað ef einstaklingur aflar sér vísvitandi aðgang að barnaklámi í gegnum upplýsinga- og samskiptatækni. Ríki mega áskilja sér rétt til að taka ekki upp ákvæðið og geta valið hvort þau tryggja börnum þessa refsivernd samkvæmt samningnum. Ákvæði 4. mgr. 210. gr. hgl. leggur einungis refsingu við að flytja inn, afla sér eða öðrum eða hafa í vörslu sinni klámefni sem sýnir börn og nær því ekki til háttsemi þeirra einstaklinga sem vísvitandi skoða barnaklám á netinu án þess að

<sup>91</sup> *Alþingistíðindi*, A deild, 1996-1997, bls. 562.

<sup>92</sup> *Alþingistíðindi*, A deild, 1999-2000, bls. 3449-3450.

<sup>93</sup> *Alþingistíðindi*, A deild, 1996-1997, bls. 562.

<sup>94</sup> *Alþingistíðindi*, A deild, 2001-2002, bls. 1122.

<sup>95</sup> „Alþjóðleg lögregla benti á tvo níðinga“. *Fréttablaðið*, 22. febrúar 2011, bls. 2.



hala efninu niður í tölvu. Líkt og fjallað var um í öðrum kafla ritgerðarinnar taka umræddir einstaklingar þátt í að viðhalda misnotkuninni með eftirspurn og stuðla þannig að framleiðslu efnisins. Rétt er að taka til athugunar hvort ákvæði sem bannar einstaklingum að afla sér vísitandi aðgangs að barnaklámi gæti veitt börnum aukna vernd gegn kynferðisbrotum.

## 5. Dómaframkvæmd

Hér verða dómar héraðsdóms og Hæstaréttar er varða nettælingu og barnaklám reifaðir. Gerð er grein fyrir þeim refsíákvæðum almennra hegningarlaga sem háttsemi nettælingar er heimfærð undir hverju sinni og til hvaða atriða dómara líta við ákvörðun refsingar. Reifaðir verða nokkrir dómar er varða barnaklám þar sem einungis er ákært fyrir brot á 210. gr. hgl. Litið verður til þeirra sjónarmiða sem koma til álita við ákvörðun viðurlaga og sjónum beint að þyngd refsinga við þessum brotum.

### 5.1 Dómar sem varða nettælingu

H 539/2007. Fjórar ungar stúlkur tældar í gegnum netið.

R var dæmdur í fangelsi í 3 ár fyrir kynferðisbrot gegn fjórum ungum stúlkum með því að hafa tælt þær til samræðis og annarra kynferðismaka með peningagreiðslum og blekkingum. Brotin voru talin varða við 3. og 4. mgr. 202. gr.<sup>96</sup> og 209. gr. hgl. R var jafnframt dæmdur til að greiða öllum stúlkunum skaðabætur að fjárhæð 2.400.000 kr.

R 42 ára kynntist stúlkunum í gegnum spjallforritið MSN á netinu, þar sem hann þóttist vera 17 ára piltur er væri kallaður Rikki. R tældi stúlkurnar A 14 ára, B 15 ára og C 15 ára til samræðis og annarra kynferðismaka með því að nýta sér yfirburði sína gagnvart stúlkunum vegna aldurs- og þroskamunar og reyndi sömu háttsemi gagnvart D 15 ára. R var jafnframt talinn hafa sýnt A lostugt og ósiðlegt athæfi með því að senda henni fjórar ljósmyndir af nöktum karlmanni með reistan getnaðarlim að fróa sér. Framferði hans uppfyllti öll skilyrði tælingar þar sem háttsemin fól í sér í fyrsta lagi frumkvæði hans að kynnum sínum við stúlkurnar, í öðru lagi blekkingar af hans hálfu með því að látast vera 17 ára piltur að nafni Rikki, í þriðja lagi aldurs- og þroskamun og í fjórða lagi bágar aðstæður stúlkanna.

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsenda hans og er því tilefni til að rekja þau sjónarmið sem héraðsdómur leit til við ákvörðun refsingar:

*Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að brot ákærða voru ítrekuð og beindust gegn fjórum ungum stúlkum. Nýtti hann sér yfirburðastöðu sína í krafti aldurs síns og reynslu gagnvart unglingsstúlkunum sem voru á viðkvæmu kynþroskaskeiði, þegar sjálfmynd*

<sup>96</sup> 4. mgr. 202. gr. hgl er nú að finna í 2. mgr. 206. gr. hgl

*einstaklings er í mótun. Þá má ráða af gögnum málsins og framburði vitna fyrir dómi að allar stúlkurnar áttu við að stríða andlega og félagslega erfiðleika og sjálfsmynd þeirra því afar brothætt. Var ákærða fullkunnugt um þetta. Brot hans gagnvart B var sérstaklega alvarlegt þar sem hann hafði margsinnis við hana kynferðismök og stóð samband þeirra yfir í talsverðan tíma. Að mati dómsins var brotavilji ákærða einbeittur. Þá hélt hann brotum sínum áfram eftir að honum var kunnugt um að hann væri grunaður um kynferðisbrot gagnvart A. Þá verður ekki hjá því litið að ákærði var starfandi lögmaður er hann framdi brotin en hann hefur m.a. annast hagsmunagæslu fyrir brotþola í sakamálum og sinnt verjandastörfum í kynferðisbrotamálum. Voru honum því fyrirfram einkar ljósir hinir mikilsverðu hagsmunir er brot hans beindust gegn.*

#### H 173/2008. Þrjár stúlkur tældar í gegnum netið.

X var dæmdur í fangelsi í 5 ár fyrir kynferðisbrot og nauðgun gagnvart þremur ungum stúlkum auk þess að hafa í vörslum sínum barnaklám á farsíma, þar sem var að finna tvær ljósmyndir sem sýndu stúlkubörn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Brot hans vörðuðu við 1. mgr. 194., 3. mgr. 202., 209. gr. og 4. mgr. 210. gr. hgl. Þá var X jafnframt dæmdur til að greiða stúlkunum miskabætur að fjárhæð 2.000.000 kr.

X 39 ára kynntist stúlkunum í gegnum spjallforritið MSN á netinu þar sem hann þóttist ýmist vera 18 ára og heita Maggi eða 19 ára og heita Gunni. X nýtti sér yfirburði sína og þroskamun gagnvart stúlkunum með því að tæla stúlkuna A 14 ára, með blekkinum til samræðis og stúlkuna C 16 ára til að gista á heimili sínu þar sem hann þröngvaði henni til samræðis. X sýndi stúlkunni B 12 ára, í gegnum samskipti þeirra á netinu og í síma, lostugt og ósiðlegt athæfi með klúru og klámfengnu tali og skrifum.

Í héraðsdómi var X dæmdur í 4 ára fangelsi. Við ákvörðun refsingar leit héraðsdómur til þess að X átti langan sakaferil að baki (um 25 refsidóma frá árinu 1983). Dómurinn tók sérstaklega fram að brotin beindust að ungum stúlkum sem höfðu litla eða enga reynslu af kynlífi. Þótti X hafa sýnt styrkan og einbeittan brotavilja með því að hafa á skipulegan og yfirvegaðan hátt beitt blekkingum til að komast í samband við stúlkurnar og nauðga eða misbjóða þeim kynferðislega.

Hæstaréttur staðfesti sakfellingu X með vísan til forsendna héraðsdóms. Hæstiréttur þyngdi aftur á móti refsingu hans og dæmdi hann í fangelsi í 5 ár með vísan til einbeitts brotavilja og þeirra hagsmuna sem brotin beindust gegn. Hæstiréttur ítrekaði enn fremur að X væri síbrotamaður sem beitti blekkingum til að komast í samband við ungar og óreyndar stúlkur sem brot hans beindust gegn.

H 676/2008. 14 ára stúlka tæld í gegnum netið.

X 29 ára var dæmdur í fangelsi í 15 mánuði, þar af voru 12 mánuðir skilorðsbundnir, fyrir kynferðisbrot gegn stúlkunni A 14 ára með því að hafa í bifreið sinni sleikt kynfæri hennar, haft við hana samræði og látið hana hafa við sig munnmök. X var jafnframt dæmdur fyrir að hafa að minnsta kosti tvisvar sýnt stúlkunni lim sinn og fróað sér í gegnum vefmyndavél í samskiptum þeirra á netinu og með því sært blygðunarkennd hennar með lostugu athæfi. Brotin voru talin varða við 1. mgr. 202. og 209. gr. hgl.

X þóttist í samskiptum sínum við A á netinu vera 19 ára piltur. X og A ákváðu að hittast og skýrði A svo frá að X hafi sótt hana að kvöldlagi og ekið upp í Heiðmörk þar sem brotin áttu sér stað.

Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms að öllu leyti með vísan til forsenda hans og er því tilefni til að gera grein fyrir niðurstöðu héraðsdóms þegar hann ákvað refsingu:

*Brot ákærða er alvarlegt og beindist að mikilvægum hagsmunum, en samþykki A til samræðisins er marklaust og hefur ekki þýðingu sökum aldurs hennar. Ákærði hefur játað brot sín hreinskilnislega og greitt A bætur. Er þetta virt ákærða til refsilækkunar, sbr. 5. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur ekki áður hlotið refsingu. Refsing ákærða er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í 15 mánuði. Eins og rakið var hefur ákærði gert það sem í hans valdi stendur til að bæta fyrir brot sín. Hann hefur gert sátt við A og greitt henni bætur. Þá hefur hann leitað sér aðstoðar til að vinna bug á þeirri fíkn sinni sem telja verður að hafi leitt til þeirrar háttsemi sem hann er sakfelldur fyrir. Þrátt fyrir það sem nú hefur verið rakið er það mat dómsins að ekki sé fært að skilorðsbinda refsivist ákærða nema að hluta. Helgast það einkum af saknæmi brotsins.*

H 584/2007, 585/2007 og 609/2007. „Kompás málin“. Þrír menn ákærðir fyrir tilraun til kynferðisbrots.

J, X og A voru ákærðir fyrir brot gegn 1. mgr. 202., sbr. 20. gr. hgl. vegna tilraunar til kynferðisbrots, með því að hafa farið í íbúð að Öldugötu í Reykjavík í því skyni að hafa samræði og önnur kynferðismök við 13 ára stúlku, sem þeir höfðu mælt sér mót við til kynlífsathafna í samræmi við ráðagerðir í samskiptum við viðmælanda á spjallrás á netinu. Í raun var stúlkan uppspuni sjónvarpsþáttarins Kompáss.

Málsatvik eru þeir að svohljóðandi auglýsing birtist á einkamál.is: „Hæ ég er sæt og vel vaxin stelpa, langar að kinnast eldri strák. Ég er samt mjög fullorðinsleg, en ég er eigilega bara 13. Sendu mail á addapink93@hotmail.com ekkert rugl samt.“ J, X og A höfðu allir samskipti við stúlkuna á netinu eftir að auglýsingin birtist sem

leiddi til þess að þeir fóru að Öldugötu í Reykjavík á stefnumót við hana. Þeir neituðu allir sök og vísuðu m.a til þess að netsamskiptin hafi verið „fantasíur, rugl og sýndarveruleiki sem ekkert væri að marka“. Áður en þeir fóru á umræddan stað ræddu þeir við konu í síma sem þóttist vera stelpa. Fyrir dómi báru þeir að þeir hefðu gert sér grein fyrir að um fullorðna konu væri að ræða en ekki 13 ára stúlku og hefðu þeir því farið á fundarstaðinn fyrir forvitni til að athuga hver biði þeirra þar.

Héraðsdómur sýknaði mennina fyrir tilraun til kynferðisbrots samkvæmt 1. mgr. 202. gr., sbr. 20. gr. hgl. Líkt og sagt var frá í inngangi ritgerðarinnar taldi héraðsdómur verulegan vafa leika á að lögreglunni væri heimilt að styðjast við þau gögn sem fréttamenn Kompáss hefðu aflað og væri því sönnunargildi þeirra mjög takmarkað ef nokkurt. Í niðurstöðu héraðsdóms segir ennfremur:

*Meta verður ásetning ákærða eins og hér stendur á. Það er mat dómsins, að netsamskipti ákærða við þáttagerðarmennina eða tálbeitu, geti talist sönnun um það að ákærði hafi haft ásetning til þess að fremja brotið sem hann er ákærður fyrir. Helgast þetta álit dómsins af því hvernig stofnað var til samskiptanna og að gögnin, sem til urðu við gerð þáttarins, hafi lítið sönnunargildi í máli þessu. ... Þá geta samskipti á netinu, eins og hér um ræðir, þar sem ýmislegt er sagt, sem ekki á neitt skylt við raunveruleikann, ekki orðið grundvöllur sakfellingar í opinberu máli. Þá er ekkert fram komið í málinu sem leiðir til þess að hafna eigi framburði ákærða um það að hann hafi gert sér grein fyrir því að hann hafði símsamband við fullorðna konu áður en hann fór að Öldugötu 7a en ekki 13 ára stúlku. Samkvæmt þessu er ósannað, gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi haft ásetning til að fremja brotið sem í ákæru greinir og ber því að sýkna hann af þessum ákæru.*

Í niðurstöðu Hæstiréttur segir:

*Þegar samskipti ákærða á spjallrásinni við svokallaða tálbeitu og símtal hans við hana örskömmu áður en hann fór inn í íbúðina eru virt í heild bendir allt til að hann hafi talið að hann myndi hitta þar 13 ára stúlku í því skyni að hafa við hana kynferðismök, enda eru skýringar hans á för sinni þangað afar ósennilegar. Gegn neitun ákærða og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður sakfelling á hendur honum hins vegar ekki reist á þeim gögnum einum sem ákæruvaldið byggir á og fengin voru með þeim hætti sem þar er nánar lýst. Verður niðurstaða héraðsdóms um að sýkna ákærða af 1. lið ákæru því staðfest.*

### **5.1.1 Samantekt**

Fyrirgreindar niðurstöður Hæstaréttar bera þess vitni að sú yfirburðastaða sem gerendur hafa í krafti aldurs og reynslu og notfæra sér gagnvart miklu yngri stúlkum hefur mikil áhrif við ákvörðun refsingar. Dómarar líta einnig að miklu leyti til þeirra blekkinga sem gerendur beita hiklaust til að komast í samskipti við stúlkurnar á netinu en þær eru á viðkvæmu þroskaskeiði á þessum aldri og sumar eiga við erfiðleika að stríða sem gerendum er oftast fullkunnugt um. Lítið er til alvarleika brota þeirra og að hve mikilvægum hagsmunum þau beinast. Þegar ráða má af atvikum

máls að einbeittur brotavilji liggi að baki háttsemi gerenda er sérstaklega litið til þess við ákvörðun refsingar.

## 5.2 Dómar um barnaklám

### Héraðsdómur Vesturlands í máli nr. S-20/2007. Maður dæmdur fyrir vörslur barnakláms.

X var dæmdur í fangelsi í 9 mánuði, þar af voru 6 mánuðir skilorðsbundnir, fyrir kynferðisbrot með því að hafa í vörslu sinni 11.382 ljósmyndir og 10 hreyfimyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt sem hann aflaði sér á netinu frá árinu 1998. Brot hans voru talin varða við 4. mgr. 210. gr. hgl.

Nánar tiltekið var um að ræða 5.794 útprentaðar ljósmyndir, 597 ljósmyndir á hörðum diskum í Laser turntölvu í eigu ákærða, 3.774 ljósmyndir og 10 hreyfimyndir á hörðum diskum í HP Compaq tölvu í eigu ákærða og 1.217 ljósmyndir sem voru á hörðum diskum í HP Compaq tölvu sem ákærði hafði til umráða á vinnustað sínum.

Í héraðsdómi kom eftirfarandi fram við ákvörðun refsingar:

*Ákærði er með hreint sakavottorð og verður litið til þess við ákvörðun refsingar. Þá horfir það ákærða til málsbóta að hann hefur leitað til sálfræðings vegna sjúklegrar klámfíknar. Við ákvörðun refsingar verður á hinn bóginn virt ákærða til refsipyngingar það mikla magn af myndefni sem hann hafði í vörslum sínum og sýnir börn á ýmsum aldri á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Er þess þá einnig að gæta að mikill hluti myndanna er af grófasta tagi þar sem fram koma svívirðilegustu kynferðisbrot gegn börnum. Loks ber til þess að líta að hluta efnisins var ákærði með í sínum vörslum á vinnustað sínum í A...skóla, en með því braut hann gróflega gegn því trausti sem hann naut sem kennari við skólann. Þegar allt þetta er haft í huga verður brot ákærða talið stórfellt í skilningi 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.*

### Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. S-235/2009. Maður dæmdur fyrir vörslur barnakláms.

S var dæmdur í 12 mánaða fangelsi, þar af voru 9 mánuðir skilorðsbundnir, fyrir kynferðisbrot með því að hafa í vörslu sinni 10.303 ljósmyndir og 86 hreyfimyndir (heildarafspilunartími um 31 klst.) sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt sem hann aflaði sér á netinu á árunum 2006-2008. S var jafnframt dæmdur fyrir dreifingu á barnaklámi með því að hafa á árunum 2006-2008 notað skráaskiptaforritið eMule til að veita öðrum sem voru með samskonar forrit aðgang að 4.544 ljósmyndum og 65 hreyfimyndum sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Brot hans vörðuðu við 2. og 4. mgr. 210. gr. hgl.

Við ákvörðun refsingar segir í héraðsdómi að litið sé til þess að S hafði skýlaust játað sök og ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Til

refsípyngingar horfði héraðsdómur aftur á móti til þess að hann hafði gerst sekur um vörslu og dreifingu á miklu magni af mjög grófu barnaklámi. Var því talið að brot hans væru stórfelld í skilningi 4. mgr. 210. gr. hgl.

#### H 273/2003. Maður dæmdur fyrir vörslur barnakláms.

X var dæmdur í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot með því að hafa í vörslu sinni 1.240 ljósmyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt á tveimur hörðum diskum í tölvu sinni og á einum geisladiski. Brot hans voru talin varða við 4. mgr. 210. gr. hgl.

Hæstaréttur tók fram að tölvumöppurnar sem hinar 1.240 ljósmyndir voru vistaðar á væru fjölmargar og að gögn málsins bæru með sér að þær hefðu verið stofnaðar á mismunandi tíma og skoðaðar á löngu tímabili. Við ákvörðun refsingar segir í dómi Hæstiréttar:

*Ákærði hafði í vörslum sínum á annað þúsund ljósmynda, sem sýna börn á ýmsum aldri, á kynferðislegan og klámfenginn hátt og eru margar myndanna mjög grófar. Telst brot hans því stórfelld. Við ákvörðun refsingar verður einnig að líta til áðurgreinds marksmiðs nügildandi ákvæðis 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga að vernda skuli börn gegn þeirri svívirðilegu kynferðislegu misnotkun sem felst í töku, sýningu og skoðun klámfenginna mynda af þeim. Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi hefur ákærði, sem er rúmlega fimmtugur, ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi og ber einnig að taka tillit til þess við ákvörðun refsingar hans.*

#### H 496/2007. Maður dæmdur fyrir vörslur barnakláms.

R var dæmdur í fangelsi í 10 mánuði fyrir kynferðisbrot með því að hafa í vörslu sinni 234 ljósmyndir í ACE special edition turntölvu, 3.814 ljósmyndir í Sony Walkman ferðaspilara og 7 hreyfimyndir í Toshiba fartölvu sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Myndanna aflaði ákærði á netinu og vistaði á ofangreindan búnað á tímabilinu nóvember 2005 fram til september 2006. Brot hans vörðuðu við 4. mgr. 210. gr. hgl. Við ákvörðun refsingar segir í dómi Hæstaréttar:

*Myndirnar sýna börn á ýmsum aldri á kynferðislegan og klámfenginn hátt og eru margar þeirra mjög grófar. Hafði hann aflað myndanna af netinu og vistað á tölvubúnaði sínum eins og nánar er lýst í ákæru. ... Markmiðið með því að leggja refsingu við vörslu barnakláms er að styrkja vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun, meðal annars í tengslum við gerð slíks efnis. Þegar virt er hið mikla magn af ljósmyndum, sem ákærði hafði í fórum sínum, og grófleiki margra þeirra og hreyfimyndanna, telst brot hans stórfelld og varða fangelsisrefsingu. Í sálfræðilegu mati frá nóvember 2007 kemur fram að ákærði er haldinn barnahneigð og að vandi hans er alvarlegur og fastmótaður. Hann hefur leitað sér aðstoðar, en ekki með fullnægjandi árangri. Ákærði gekkst árið 1998 undir greiðslu 100.000 krónu sektar vegna vörslu og dreifingar barnakláms. Á árinu 2001 var hann dæmdur í 12 mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur drengjum. Þá var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi árið 2003 fyrir vörslur barnakláms, jafnframt því sem honum var gert að greiða 350.000 krónur í*

*sekt. Sakaferill hans lýtur því að samkynja brotum. Með vísan til alls þess sem hér að framan er rakið og 5. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga er refsing hans ákveðin fangelsi í 10 mánuði.*

### **5.2.1 Samantekt**

Við ákvörðun refsinga samkvæmt framangreindum niðurstöðum dómstóla er sérstaklega virt til refsipýngingar ef um er að ræða mikið magn mynda og eins ef þær eru mjög grófar. Magnið gefur einnig vísbendingu um hversu lengi gerendurnir hafa stundað brotin. Nokkur þúsund myndir sem eru vistaðar á nokkrar möppur bera þess vitni að gerandi hafi vísvitandi og skipulega framið brotin yfir nokkurn tíma. Má álykta að það sé einnig virt til refsipýngingar þó að skýrum orðum sé ekki vikið að því í fyrrgreindum niðurstöðum. Ólögfest sjónarmið sem koma einnig til álita við ákvörðun refsingar er að finna í niðurstöðunum en ummæli eins dómara eru á þann veg að „myndirnar séu af grófasta tagi þar sem fram koma svívirðilegustu kynferðisbrot gegn börnum“.

Refsingar í framangreindum dómum eru oftast skilorðsbundin fangelsisvist og verður að telja að refsingarnar séu vægar með tilliti til alvarleika brotanna. Þyngsta refsingin samkvæmt fyrrgreindum dómum er 10 mánaða fangelsisvist, sbr. mál nr. H 496/2007, en þar var um að ræða einstakling sem hafði áður hlotið fangelsisdóma fyrir samkynja brot sem hefur haft áhrif við ákvörðun refsingar. Taka ber fram að efnistökin eru takmörkuð við mál sem varða einungis vörslu og dreifingu barnakláms til að beina sjónum að þyngd refsinga þegar eingöngu er um brot á 210. gr. hgl. að ræða. Oft reynir á ákvæði 210. gr. hgl. í tengslum við önnur kynferðisbrot gegn börnum enda gefur grunur um slík brot oft tilefni til að rannsaka tölvur ákærðu.<sup>97</sup> Refsingar í þeim brotum eru yfirleitt töluvert þyngri líkt og kafli 5.1 um dóma sem varða nættælingu ber með sér.

---

<sup>97</sup> Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum“.



## 6. Lokaorð

Gerð hefur verið grein fyrir þeirri háttsemi sem felst annars vegar í nettælingu og hins vegar í framleiðslu, dreifingu og vörslu barnakláms, en þessir verknaðir eiga það sameiginlegt að vera aðferðir brotamanna til að notfæra sér varnarleysi barna á vettvangi netsins.

Netið gerir brotamönnum kleift að komast í samband við börn sem þeir hefðu að öðrum kosti ekki möguleika á. Samkvæmt rannsókn Capacent gallup er netnotkun barna á Íslandi mjög mikil og notar stór hluti þeirra samskiptasíður og spjallrásir reglulega. Niðurstöður rannsóknarinnar bera þess vitni að börn deildu upplýsingum um sig sjálf með ókunnugum á netinu og var fimmtungur barnanna sem mælti sér mót við einstakling sem þau höfðu einungis átt samskipti við í gegnum netið. Ljóst er að netið er freistandi vettvangur fyrir gerendur til að komast í kynni við börn undir nafnleynd og á fölskum forsendum þar sem þeir geta blekkt börnin til þess að hitta sig síðar með ásetning til kynferðislegrar misnotkunar.

Sú háttsemi gerenda sem felst í að framleiða og dreifa myndefni þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi hefur aukist til muna með tilkomu netsins. Má það bæði rekja til þess að auðveldara er fyrir gerendur að dreifa myndefninu og nálgast það á netinu og einnig til þess að gerendur óttast síður að upp um þá komist á þeim vettvangi. Myndefnið er sönnun um þær misþyrmingar sem börnin þurfa að þola meðan brotið er framið og hefur dreifing myndefnisins þær afleiðingar að misnotkuninni lýkur í raun aldrei. Erfitt er að sporna við verknaðinum sökum þess að netið er í eðli sínu án landamæra og krefst því baráttan við barnaklám á netinu alþjóðlegs samstarfs í félagslegu og lagalegu tilliti.

Ljóst er að alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi hafa í ríkum mæli haft áhrif á íslenska löggjöf um réttindi og málefni barna. Þjóðréttarsamningarnir leggja ríkar skyldur á herðar löggjafanum að tryggja börnum vernd gegn kynferðislegri misnotkun og má þar helst nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Mannréttindasáttmála Evrópu, Félagsmálasáttmála Evrópu og Sáttmála um tölvuglæpi. Ísland hefur undirritað samning Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi en hann hefur ekki verið fullgiltur af Íslands hálfu og er landið því ekki skuldbundið að þjóðarétti til að fylgja ákvæðum hans. Unnið er að fullgildingunni

samningsins í Innanríkisráðuneytinu þar sem athugað verður hvort og þá hvaða lagabreytinga er þörf af því tilefni.

Líkt og fram kemur í inngangi er markmið þessarar ritgerðar að kanna hvort ákvæði íslenskra laga um kynferðisbrot veiti fullnægjandi vernd gagnvart nettælingu og barnaklámi. Til umfjöllunar voru ákvæði 202. gr. hgl. sem varðar samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára og ákvæði 210. gr. hgl. sem leggur bann við dreifingu og vörslu barnakláms.

Rannsókn á inntaki 202. gr. hgl. leiddi í ljós að háttsemi nettælingar verður ekki felld undir ákvæðið með óbyggjandi hætti. Samkvæmt ákvæði 1. og 3. mgr. verður refsíabyrgð einungis lögð á geranda ef hann hefur samræði eða önnur kynferðismök við barnið og samkvæmt 2. mgr. verður að vera kynferðisleg áreitni af hálfu geranda í samskiptum hans við barnið til að háttsemin teljist refsiverð. Athugað var hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi svo hægt sé að sakfella fyrir tilraun til kynferðisbrots samkvæmt 202. gr. sbr., 20. gr. hgl. þegar einungis er um nettælingu að ræða. Niðurstaðan er sú að ákærvaldið þarf að geta sýnt fram á beinan ásetning geranda til samræðis eða annarra kynferðismaka þannig að verknaður geranda sem felst í nettælingu teljist tilraun til kynferðisbrots samkvæmt ákvæðinu. Sökum þessa verður að telja að ákvæði 202. gr. og 202. gr., sbr. 20. gr. hgl. veiti ekki fullnægjandi vernd gagnvart nettælingu. Með ákvæði 23. gr. Evrópuráðssamnings um kynferðislega misneytingu og kynferðisofbeldi er lögð sú skylda á aðildarríki að setja refsíákvæði í lög þar sem þessi verknaður er talinn refsiverður. Til að vernd barna gagnvart nettælingu sé fyllilega tryggð að íslenskum rétti er lagt til að lögfest sé fyrrgreint ákvæði í íslenska löggjöf.

Athugun á inntaki 210. gr. hgl. sem varðar barnaklám leiddi í ljós að vilji löggjafans stendur til þess að leggja þyngri refsingu við brotum þegar klámefni sýnir börn. Ákvæði 4. mgr. greinarinnar, sem gerir dreifingu og vörslu barnakláms refsiverða, ber þess vitni en brot á ákvæðinu getur varðað allt að tveggja ára fangelsi sé það stórfellt. Dómaframkvæmd leiðir aftur á móti í ljós að einstaklingar sem eru sakfelldir fyrir vörslu barnakláms eru ýmist dæmdir til sektargreiðslu eða fá skilorðsbundinn dóm í meirihluta mála. Taka mætti til athugunar hvort rétt væri að þyngja hámarksrefsingu ákvæðisins í því skyni að auka refsivernd barna gegn barnaklámi. Athuga ber að ákvæði 4. mgr. nær ekki til háttsemi þeirra einstaklinga sem vísvitandi skoða barnaklám á netinu án þess að hala efninu niður í tölvu. Ákvæði f-liðar 1. mgr. 20. gr. Evrópuráðssamnings um kynferðislega misneytingu og

kynferðislegt ofbeldi leggur skyldu á ríki að kveða svo á að háttsemi þeirra einstaklinga sé refsiverð sem aflu sér vísitandi aðgangs að barnaklámi í gegnum upplýsinga- og samskiptatækni. Rétt er að taka til athugunar hvort umrætt ákvæði gæti veitt börnum aukna refsivernd gegn kynferðisbrotum.

## Heimildarskrá

Akdeniz, Yaman, *Internet child pornography and the law: National and International responses*. England 2008, bls. 1-8.

*Alþingistíðindi*, A-deild: 2007-2008, 2006-2007, 2001-2002, 1999-2000, 1996-1997.

*Alþingistíðindi*, B-deild, 2007-2008.

„Alþjóðleg lögregla benti á tvo níðinga“. *Fréttablaðið*, 22. febrúar 2011, bls. 2.

Björn Bjarnason, „Vernd barna gegn nettælingu“. *Morgunblaðið*, 5. júlí 2007, bls. 25.

Björn Harðarsson og Eygló Guðmundsdóttir, „*Ofbeldi. Gerendur kynferðisofbeldis. Hvað er barnahneigð (e. Paedophilia)*“, bls 1. Sótt 6. febrúar 2011 á [www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=78&pid=13](http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=78&pid=13).

Bragi Guðbrandsson, „Að byggja brýr – barnvænleg og þverfagleg málsmeðferð kynferðisbrota gegn börnum“. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisofbeldi gegn börnum* (í prentun). Reykjavík 2011.

Calcetas-Santos, Ofelia, „Child pornography on the internet“. Í Arnaldo, Carlos A., (ritstj.), *Child abuse on the internet - ending the silence*. Bandaríkin 2001, bls. 56-58.

Davíð Þór Björgvinsson, „Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi“. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisofbeldi gegn börnum* (í prentun). Reykjavík 2011.

Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar*. Reykjavík 2007, bls. 248 og 260.

Davíð Þór Björgvinsson, „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. Í Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir

og Hjördís Björk Hákonardóttir (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* Reykjavík 2005, bls. 30-31.

*Evrópuráðið - Starfsemi og áfangar.* Skýrsla utanríkisráðuneytisins, 1999. Sótt 5. mars 2011 á [www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Evropuradid\\_-\\_starfsemi.pdf](http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Evropuradid_-_starfsemi.pdf).

Félagsmálasáttmáli Evrópu (e. European Social Charter). Sótt 12. mars 2011 á [www.conventions.coe.int/Treaty/Commun/ChercheSig.asp?NT=035&CM=&DF=&CL=ENG](http://www.conventions.coe.int/Treaty/Commun/ChercheSig.asp?NT=035&CM=&DF=&CL=ENG).

Greinargerð (e. Explanatory report) með samningi Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi. Sótt 13. mars á [www.conventions.coe.int/Treaty/EN/Reports/Html/201.htm](http://www.conventions.coe.int/Treaty/EN/Reports/Html/201.htm).

Greinargerð (e. Explanatory report) með sáttmála um tölvuglæpi. Sótt 12. mars á [www.conventions.coe.int/Treaty/en/Reports/Html/185.htm](http://www.conventions.coe.int/Treaty/en/Reports/Html/185.htm).

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, „Rannsókn Capacent Gallup á notkun barna og unglunga á netinu“, 2007. Sótt 16. febrúar 2011 á [www.aslandsskoli.is/foreldra/felagid/greinarogerindi/notkun.ppt](http://www.aslandsskoli.is/foreldra/felagid/greinarogerindi/notkun.ppt).

Guðrún Gauksdóttir, „Bann við pyndingum“. Í Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir og Hjördís Björk Hákonardóttir (ritstj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* Reykjavík 2005, bls. 110 og 112.

Hagstofa Íslands, „*Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og neti 2010*“. Hagtíðindi 95. árg. 60. tbl. Upplýsingatækni 2010:1, bls. 1-3.

Hagstofa Íslands, „*Notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og Interneti 2002 og 2003*“. Hagtíðindi 89. árg. 12. tbl. Upplýsingatækni 2004:3, bls. 1, 6 og 14.

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og Refsiábyrgð I.* Reykjavík 1999, bls. 114.

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og Refsiábyrgð II*. Reykjavík 1999, bls. 11, 23 og 65.

O'Connell, Rachel, „Paedophiles networking on the internet“. Í Arnaldo, Carlos A., (ritstj.), *Child abuse on the internet - ending the silence*. Bandaríkin 2001, bls. 66-68.

Ost, Suzanne, *Child pornography and sexual grooming: Legal and societal responses*. Cambridge 2009, bls. 26-49.

Petrína Ásgeirsdóttir og Margrét Júlía Rafnsdóttir, „Það er eins og þeir séu í herberginu og hvetji til ofbeldisins gegn mér – Netið og vernd barna gegn kynferðisofbeldi“. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisofbeldi gegn börnum* (í prentun). Reykjavík 2011.

Samningur Evrópuráðs um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi (e. The convention on the protection of children against sexual exploitation and sexual abuse). Sótt 13. mars 2011 á [www.conventions.coe.int/Treaty/EN/treaties/Html/201.htm](http://www.conventions.coe.int/Treaty/EN/treaties/Html/201.htm).

Save the children Europe Group, „Visible evidence – forgotten children“, 2006, bls. 4. Sótt 6. febrúar 2011 á [www.meldpuntkinderporno.nl/files/Biblio/VisibleEvidence\\_\\_ForgottenChildren.pdf](http://www.meldpuntkinderporno.nl/files/Biblio/VisibleEvidence__ForgottenChildren.pdf).

Sáttmáli um tölvuglæpi (e. The convention on cybercrime). Sótt 12. mars 2011 á [www.conventions.coe.int/Treaty/Commun/ChercheSig.asp?NT=185&CM=&DF=&CL=ENG](http://www.conventions.coe.int/Treaty/Commun/ChercheSig.asp?NT=185&CM=&DF=&CL=ENG).

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, „Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum“. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisofbeldi gegn börnum* (í prentun). Reykjavík 2011.

Viðtal höfundar við Róbert Ragnar Spanó, 23. mars 2011.

## **Dómaskrá**

### **Dómar Hæstaréttar**

H 273/2003

H 496/2007

H 539/2007

H 584/2007

H 585/2007

H 609/2007

H 173/2008

H 676/2008

### **Héraðsdómar**

Dómur Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. S-20/2007

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-235/2009

### **Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu**

*A gegn Bretlandi.* Mál nr. 100/1997/884/1096, dómur frá 23. september 1998.

## **Lagaskrá**

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Lögræðislög nr. 71/1997.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.